



**Bls. 4**



**Kjaraviðræður hefjast**

**Bls. 6**



**Vantar pólitíska forystu**

**Bls. 18**



**Kaupmannahöfn í vetur**



VIÐ ELSKUM  
FÓTBOLTA



LANDSBANKAÐEILDIN



Landsbankinn



## Útgefandi:

Efling-stéttarfélag  
Sættúni 1

## Ábyrgðarmaður

Sigurður Bessason

## Ritstjóri

Þráinn Hallgrímsson

## Blaðamaður

Róbert Ágústsson

## Ritstjórn

Atli Lýðsson  
Guðmundur P. Jónsson  
Sigurður Bessason  
Sigurrós Kristinsdóttir

## Starfsmenn á skrifstofu

Anna Lísá Terrazas  
Atli Lýðsson  
Berglind Davíðsdóttir  
Elin Baldursdóttir  
Elin Hanna Kjartansdóttir  
Erna Björk Jóhannesdóttir  
Fjola Jónsdóttir  
Guðmundur P. Jónsson  
Guðrún Kr. Óladóttir  
Hallsteinn Friðbjósson  
Harpa Ólafsdóttir  
Herdís Steinarsdóttir  
Hjördis Baldursdóttir  
Hulda Hafsteinsdóttir  
Kristjana Valgeirsdóttir  
Oddný Einarsson  
Ólóf Björk Björnsdóttir  
Ragnar Ólason  
Ragnheiður Baldursdóttir  
Sigríður Ólafsdóttir  
Sigurður Bessason  
Sigurrós Kristinsdóttir  
Sveinn Ingvason  
Tryggvi Marteinsson  
Þórir Guðjónsson  
Þráinn Hallgrímsson

## Starfsafi

Sveinn Aðalsteinsson  
Valdis Steingrimsdóttir

## Útlit og umbrot

Einn, tveir og þrír, auglýsingastofa

## Prentun og bókband

Oddi hf.

## Auglýsingar

Hænis sf

## Ljósmyndir og aðstoð við útgáfu

Róbert Ágústsson

## Á forsiðu

Anna Mjöll Matthíasdóttir

## Aðsetur

Efling-stéttarfélag, Sættúni 1.  
Sími 510 7500/fax 510 7501  
www.efling.is  
Skrifstofa Eflingar er opin  
frá kl. 08.15 – 16.00.



Sigurður Bessason

# Borgarstjórn veldur áhyggjum

Það fer ekki framhjá nokkrum landsmanni hvaða ástand ríkir í borgarstjórn Reykjavíkur. Allt þetta kjörtímabil hefur pólitísk ringulreið einkennt allt starf stjórnmalamannanna í borginni. Hver meirihlutinn hefur tekið við af öðrum. Sú stefnufesta sem einkenndi borgarstjórn Reykjavíkur áratugum saman er horfin og í staðinn komið stefnuleysi og hringlandaháttur. Borgarfulltrúarnir eru að uppskera algert virðingarleysi almennings í kjölfarið sem horfir á framat og stöðugar pólitískar skilmingar milli borgarfulltrúa meðan nauðsynleg verkefni sitja á hakanum eða dragast úr hömlu með tilheyrandi tjóni fyrir borgarbúa.

Það er alvarlegt mál að í þessari stöðu eru samningar við borgarstarfsmenn lausir nú í haust. Eitt mikilvægasta verkefni borgarinnar er að skapa festu og öryggi í starfsmannamálum sínum og stéttarfélögin hafa getað treyst á borgina hingað til sem öruggan viðsemjanda og traustan launagreiðenda.

En hvað blasir nú við? Upplýsingar leka nú nýverið úr borgarkerfinu um að vegna erfiðleika í efnahagsmálum þá standi til að lækka launakostnað um 8%. Á sama tíma leka út upplýsingar um að borgin ætli að bjóða út hluta af verkefnum á umhverfis og samgöngusviði nánar tiltekið í sorphirðu. Í aðdraganda kjarasamninga er mjög mikilvægt að skapa umhverfi trausts milli starfsmanna og yfirstjórnar borgarinnar. Borgarfulltrúar með hriplekt pólitískt bakland eru nú að véla um miklar pólitískar breytingar á högum starfsmanna borgarinnar án nokkurs samráðs við þá eða stéttarfélög þeirra.

Er von að spurt sé hvað er í gangi? Sagt er að allt embættismannakerfi borgarinnar titri vegna upplýsinga um yfirvofandi kjaraskerðingar og breytingar á starfsumhverfi borgarstarfsmanna. Allt þetta gerist undir forystu borgarstjórnar sem hefur litið traust meðal borgarbúa og pólitískt bakland virðist í upplausn.

Efling-stéttarfélag harmar þessa stöðu sem stjórnmalamenn í borginni hafa komið málum í. Þeir hafa skapað óvissu gagnvart starfsmönnum og vönduðum stjórnendum borgarinnar sem erfitt verður að vinna úr. Félagið krefst þess að þeir stjórnmalamenn sem gefið hafa kost á sér til að sinna samfélagslegum verkefnum axli nú þá ábyrgð sem þeir voru kosnir til. Hvorki borgarstarfsmenn eða góðir stjórnendur í borgarkerfinu eiga það skilið að þurfa að vinna undir pólitískri ringulreið.

Efling-stéttarfélag krefur nú stjórnmalamennina í borginni um skýr svör við þeim fullyrðingum sem fram hafa komið um áformaðar kjaraskerðingar og breytingar sem varða atvinnuöryggi borgarstarfsmanna.

## Lýst eftir pólitískri forystu

Samningar á almennum vinnumarkaði munu að öllum líkindum losna eftir áramótin. Verðbólgan er komin úr böndum og forsendur kjarasamninganna eru löngu brostnar. Nú skiptir mestu máli að fulltrúar launafólks, atvinnulífs og ríkisstjórnar komi saman og ræði um hvað sé framundan og hvernig hægt er að lágmarka það tjón sem nú þegar blasir við. Við gerð síðustu samninga ræddi ríkisstjórnin um að efla allt samráð við aðila vinnumarkaðarins en því miður hefur það ekki gengið eftir. Forystumenn stéttarfélaganna eru tilbúnir að ræða við stjórnvöld um markmið og leiðir til að vinna okkur út úr þessu ástandi. Þrátt fyrir að ríkisstjórnin hafi slegið á útréttar hendur samtaka launafólks allt þetta ár er ekki of seint að taka upp viðræður milli þessara aðila. Efling-stéttarfélag hvetur ríkisstjórnina til að standa nú við gefin fyrirheit um samráð við stéttarfélögin þó seint sé. Hér með er lýst eftir pólitískri forystu í landinu.

Sigurður Bessason  
formaður Eflingar-stéttarfélags

## EFNISYFIRLIT

|                           |    |                          |    |
|---------------------------|----|--------------------------|----|
| Kjaraviðræður hefjast     | 4  | Námskeiðin í haust       | 28 |
| Övönduð vinnubrögð        | 5  | Nýir vendir sópa best    | 32 |
| Vantar pólitíska forystu  | 6  | Verslað á netinu         | 37 |
| Mikilvægt við gjaldþrot   | 8  | Ellert í hörðum slag     | 39 |
| Vistakstur borgar sig     | 10 | Væntingar öryggisvarða   | 40 |
| Félagssliðar í nýju landi | 12 | Skemmtileg sumarvinna    | 41 |
| Nám gegn lesblindu        | 13 | Trúnaðamenn              | 42 |
| Efling styrkir nám        | 14 | Langar þig að breyta til | 44 |
| Húsin okkar í vetur       | 17 | Verðkannanir ASÍ         | 45 |
| Kaupmannahöfn             | 18 | Loksins árin okkar       | 48 |
| Ögleymanleg ferð          | 22 | Efling á Íslandi         | 50 |
| Lausn í kreppunni         | 26 | Ævintýri í Kanada        | 54 |





Samningar við Reykjavíkurborg og önnur sveitarfélög

## Kjaraviðræður senn að hefjast

Þann 31. október er samningur laus við Reykjavíkurborg og mánuði seinna eða 31. nóvember losnar samningur við Launaneft sveitarfélaga en undir hann heyra félagsmenn Eflingar í Kópavogi, Seltjarnarnesi og Mosfellsbæ. Ljóst er að mörg flókin viðfangsefni bíða úrlausna í þessum samningum líkt og í samningum sem gengið var frá við Samtök atvinnulífsins og síðan ríki og hjúkrunarheimili síðastliðið vor.

### Undirbúningur kjaraviðræðna

Staðan í efnahagsmálum hefur lítið batnað frá því samið var á almenna vinnumarkaðnum í febrúar síðastliðnum og síðan við ríki og hjúkrunarheimili í kjölfarið. Félagsmenn okkar sem starfa hjá Reykjavíkurborg og öðrum

sveitarfélögum hafa vafalítið fundið fyrir hækkandi verðbólgu undanfarið. Þá þarf að skoða vel launabróun þessa hóps í samanburði við aðra hópa.

Á yfirstandandi samningstímabili hefur svokallað starfsmat legið til grundvallar

launamyndun bæði hjá starfsmönnum Reykjavíkurborgar og annarra sveitarfélaga. Hér þarf að líta yfir farinn veg og skoða hvort við séum þar á réttri leið.

### Framhald á blaðsíðu 55

## Sigurður Bessason hvetur borgarstjóra til að semja sem fyrst Starfsmenn vænta leiðréttingar launa

Kjarasamningar á komandi hausti og vetri verða með erfiðari samningum sem verkalýðshreyfingin hefur glímt við í langan tíma. Okkur er ljóst að samningar sveitarfélaganna og Reykjavíkurborgar á komandi hausti verða gerðir í erfiðu efnahagslegu umhverfi, segir Sigurður Bessason, formaður Eflingar. Öllum má þó vera ljóst að væntingar starfsmanna til launaleiðréttingar er síst minni en annarra hópa sem á undan hafa samið enda þessir hópar verið með bundna samninga töluvert lengur en aðrir hópar á vinnumarkaðnum. Þar verður krafan fyrst og fremst á leiðréttingu launa.

Sveitarfélögin hafa á undanförunum árum átt í erfiðleikum með mannráðningar þau ár sem þau hafa verið síðust í röðinni að semja. Árið 2005 var svipuð staða uppi og núna. Starfsmenn fengust ekki til vinnu og þeir sem voru fyrir voru hundóánægðir með laun sín og thuguðu uppsagnir. Þá brá Reykjavíkurborg á það ráð að flýta gerð kjarasamninga sem gjörbreytti öllum möguleikum borgarinnar í ráðningarmálum til hins betra. Ég hvet borgarstjóra til þess að ganga sem fyrst að samningaborðinu og höggva á þann hnút sem óðum er að herðast, segir Sigurður Bessason.

**Nú í september mun Gallup hafa samband við félagsmenn okkar og viljum við hvetja sem flesta til þess að taka þátt**





Sorþirðan til einkaaðila?

## Óvönduð vinnubrögð vekja ugg

Jórunn Frímannsdóttir ritaði á dögnum grein um þann ásetning borgarstjórnarmeirihlutans að bjóða út hluta sorþirðunnar í Reykjavík. Þau vinnubrögð sem opinberast í málflutningi hennar um sorþirðuna í borginni vekja ugg. Þvert á það sem hún heldur fram er saga sorþirðu borgarinnar einmitt saga mikillar hagræðingar og umfangsmikilla breytinga í gegnum tíðina. Stöðugt hefur fækkað bílum sem eru notaðir til þessara verkefna og í dag sinna miklu færri starfsmenn sorþirðu Reykvíkinga en áður þrátt fyrir ört stækkandi borg og sameiningu við önnur sveitarfélög. Þetta hefur gerst með hagræðingu og betri tækjabúnaði. Stöðugt hefur verið leitað leiða til þess að gera þjónustuna skilvirkari gagnvart borgarbúum sem sannanlega hafa kunnað að meta þessi störf og valið hvað eftir annað sorþirðu Reykjavíkurborgar sem eina af þeim stofnunum sem veitt hafa hvað bestu þjónustu. Jórunn hefur valið að gera lítið eða ekkert úr þessari þróun og vanvirða þannig störf stjórnenda og starfsmanna. Allt á að verða betra ef einkaaðilar fá að komast að kjötkötlum borgarinnar, segir Sigurður Bessason sem er mjög

óánægður með málflutning meirihlutans í Reykjavík gagnvart starfsmönnum borgarinnar í sorþirðunni.

### Unnið að einkavæðingu leynt og ljóst

Það er ljóst að núverandi borgarstjórnarflokkur Sjálfstæðismanna hefur unnið að því allt þetta kjörtímabil að bjóða þessa þjónustu út. Þeir hafa kallað eftir upplýsingum innan úr borgarkerfinu til staðfestingar á því að kostnaður Reykvíkinga sé meiri á hverja tunnu en kostnaður annarra sveitarfélaga. Í hverju sá samanburður er fólgin fylgir ekki með. Er verið að bera saman þjónustustig með svörtum og grænum tunnum eins og Reykvíkingar njóta. Það er mér til efs að svo sé, segir hann.

### Rangar fullyrðingar Jórunnar

Nú er rætt um að bjóða út 20% af sorþirðunni og það vekur ugg um þau óvönduðu vinnubrögð sem viðhöfð eru í þessum málum þegar lesinn er pistill borgarfulltrúans Jórunnar Frímannsdóttur í blaðinu 24 Stundir þar sem hún lýsir álitinu sínu á sorþirðu borgarinnar. Hún fullyrðir að upptaka á

verkefninu Græna tunnan hafi verið tekin upp frá einkaaðilum. Það er einfaldlega rangt. Þetta verkefni er eitt margra verkefna sem hefur verið unnið af starfsmönnum borgarinnar. Það má skilja borgarfulltrúann svo að engin þróun eða hugsun til breytinga bærst innan borgarkerfisins sem er merkilegt þar sem flokkurinn hennar stýrði þessum málaflokki um áratugaskeið. Síðan vísar hún til reynslu sinnar frá 17 ára dvöl úti í Þýskalandi þar sem byrjað var að þrískipta ruslafötum í ruslaskápnunum. Þá lýsir hún því hvernig við þurfum að verða meðvitaðri um þessi mál og taka upp svipað kerfi og þar er.

Gerð er krafa um niðurskurð á kostnaði á sama tíma og krafist er aukinnar þjónustu. Það er ekki heil brú í þessum málflutningi og ljóst að borgarfulltrúinn hefur ekki kynnt sér málið að neinu marki. Skyldi hún hafa spurt um hvað þessi þjónusta kostaði úti í Þýskalandi? Mig grunar að svo sé ekki enda sátt við þjónustuna, segir Sigurður.

### Strandar á stjórnmálamönnum

Breytingar á vinnufyrirkomulagi eru til endurskoðunar árlega samkvæmt samningum þar um. Það hafa komið fram allskonar tillögur frá starfsmönnum og stjórnendum borgarinnar á liðnum árum. Á hverju hefur þá málið strandað? Jú, á stjórnmálamönnum sem stýra þessum málaflokki sem horfa í hverja krónu varðandi þjónustu.

Reykvíkingar vilja góða þjónustu. Þeir treysta borgarstarfsmönnum til þess að sinna þessum verkum af alúð og hafa verið tilbúnir að greiða fyrir þjónustuna. Það er mergurinn málsins. Væri nú ekki rétt af starfandi meirihluta að hverfa frá villu síns vegar og leita eftir samstarfi við starfsmenn borgarinnar og stéttarfélög þeirra til að endurheimta það traust sem borgarfulltrúar hafa glatað vegna vandra vinnubragða, spyr formaður Eflingar að lokum.

*Höfundur greinarinnar er Sigurður Bessason, formaður Eflingar*

**Gerð er krafa um niðurskurð á kostnaði á sama tíma og krafist er aukinnar þjónustu. Það er ekki heil brú í þessum málflutningi**



Ástandið í kjara- og efnahagsmálum framundan

# Vantar pólitíska forystu

- segir Sigurður Bessason

Ég held að það sé öllum ljóst að staða til að framlengja kjarasamningana eftir áramótin í óbreyttri mynd er einfaldlega ekki fyrir hendi, segir Sigurður Bessason, formaður Eflingar. Samningar á almennum vinnumarkaði munu því að öllum líkindum losna eftir áramótin. Verðbólgan er komin úr böndum og ljóst að hún ein og sér er komin langt út fyrir forsendur kjarasamninganna. Það skiptir því verulega miklu máli að aðilar vinnumarkaðarins komi saman og ræði um hvað sé framundan og hvernig getum við lágmarkað þann skaða sem nú þegar blasir við. Við gerð síðustu samninga ræddi ríkisstjórnin um að efla allt samráð við aðila vinnumarkaðarins en því miður hefur það ekki gengið eftir. Það sem verra er að samhliða kreppuástandi á alþjóðlegum fjármálamörkuðum höfum við búið við heimagerðan vanda á húsnæðismarkaði sem með hárri verðbólgu, miklum eldsneytishækkunum og veikum gjaldmiðli hafa veikt efnahagslífið og grafið undan kaupmætti fólksins. Það verður ekki í fljótu bragði séð hvernig launafólk kemst frá þessu án verulegra skakkafalla, segir Sigurður Bessason í viðtali við Eflingarblaðið.

Enginn heldur því fram að í dag séu til einhverjar skyndilausnir, segir Sigurður Bessason. En hitt er alveg skýrt að for-

ysta landsmálanna er hjá ríkisstjórn á hverjum tíma. Meðan verðbólgan stígur upp í 14% og gengi íslensku krónunnar fellur um 30% þá er brýn nauðsyn á að rætt sé við fólkið um þá stöðu sem upp er komin og hvað sé til ráða. Það er eitt af því sem hefur skort í sumar, að forystumenn í landsmálum hafi samráð við fulltrúa launafólks og fyrirtækjanna til að meta hvað sé vænlegt að gera í stöðunni. Það er þessa pólitísku forystu sem okkur vantar sárlega núna.

## Kaupmáttarskerðing hjá öllu launafólki

Gengisfall krónunnar hefur leitt af sér kaupmáttarskerðingu hjá öllu launafólki samhliða því að rekstrargrundvöllur fyrirtækja hefur stöðugt verið að þrengjast. Seðlabankinn hefur keyrt á gríðarlega háum stýrivöxtum yfir langan tíma sem aukið hefur á lánakostnað heimilanna samhliða því að kostnaðnum sem fallið hefur á fyrirtækin er velt útí verðlagið og yfir á neytendur. Sagt er að þetta eigi að

**Víð sem höfum það hlutverk að fara með forystu fyrir stéttarfélagunum erum sannarlega tilbúin til að ræða við stjórnvöld þó þau hafi slegið á útrétta hönd okkar allt þetta ár**

auka aðhald og leiða á endanum til lækkunar verðbólgu. Vandinn er hins vegar sá að þessi vaxtastefna nær ekki nema til hluta samfélagsins því stór hluti fyrirtækja eiga öll sín viðskipti í erlendum gjaldmiðlum og eru jafnvel gerð upp í evrum svo áhrif þessarar stefnu nær að mestu til þeirra sem með engu móti geta tekið þetta á sig, segir Sigurður.

## Skuldir heimilanna geta endað með fjöldagjaldþrotum

Ástandið í skuldamálum heimilanna er líka mjög alvarlegt. Fjöldi einstaklinga sem tóku lán eftir 2003 mun lenda í vandræðum. Bæði þeir sem tóku myntkörfulánin og sitja nú upp með fall krónunnar en ekki síður þeir sem boðið var uppá 4,15% vexti árið 2003 eftir að láns hlutfallið var hækkað upp í 80-100%. Þessi lán voru með ákvæðum sem heimila bönkum að endurskoða vaxtakjörin eftir 5 ár sem þýðir að vaxtakjörin geta hækkað um rúm 2% miðað við stöðuna í dag. Einstaklingar og fjölskyldur með tugmilljóna lán munu geta lent í verulegum vandræðum ef ekki gjaldþrotum.

## Bíðum úrræða stjórnmalamanna

Þessi hækkun á lánahlutföllum var verk stjórnmalamanna sem hefur haft ótrúleg áhrif til hækkunar húsnæðisverðs sem aftur hefur leitt til mikillar verðbólgu. Það er því beðið eftir úrræðum stjórnmalamanna til þess að leysa okkur út þeirri stöðu sem þeir að hluta til hafa komið okkur í. Ef ekkert er að gert þá er ríkisvaldið að færa kostnaðinn af verðbólgunni, gengisfalli íslensku krónunnar og ástandið á húsnæðismarkaðnum yfir á fjölskyldurnar í landinu. Hluti af þessum vanda öllum er berskjölduð íslensk króna sem liggur vel við höggi á opnum alþjóðlegum fjármálamarkaði.

## Tilbúin að ræða við stjórnvöld

Við sem höfum það hlutverk að fara með forystu fyrir stéttarfélagunum erum sannarlega tilbúin til að ræða við stjórnvöld þó þau hafi slegið á útrétta hönd okkar allt þetta ár. Við lítum svo á að það sé skylda okkar að leggja okkar af mörkum til að lágmarka tjón launþega í þessu ástandi og undirbúa jarðveginn fyrir nýja sókn í kaupmætti launafólks þegar okkur tekst að komast út úr þessari efnahagslægð. Það birtir öll el upp um síðir og við lítum á ástandið núna sem verkefni sem við verðum að taka þátt í að vinna okkur út úr, segir formaður Eflingar að lokum.





# SÚKKADDÍ PÚKKADDÍ

– skyldi vera vit í því? (að taka heilsupróf á byr.is)



**Auktu ánægju þína með fjárhagslegri heilsu.** Það er mikilvægt fyrir þig að skoða fjármálin reglulega. Sérstaklega þegar aðstæður breytast. Fjárhagslega heilsupróf Byrs gefur þér yfirsýn yfir fjármálin og hjálpar þér að taka betri ákvarðanir til að bæta fjárhagslega heilsu þína. Fjárhagslega heilsuprófið er hannað í samvinnu við viðskiptavinum Byrs, viðskiptavinum annarra banka og fjárhagslega einkaþjálfara Byrs. Prófið tekur á þeim þáttum sem skipta mestu máli fyrir þig. **Komdu þér í fjárhagslegt form með Byr.**

Byrjaðu á byr.is – kannaðu fjárhagslega heilsu þína núna. Komdu með í ræktina.

**BYR**

SPARISJÓÐUR

Sími 575 4000 • byr.is



Réttarstaða starfsmanna við gjaldþrot

# Mikilvægt að leita strax til félagsins

- segir Karl Ó. Karlsson, lögmaður Eflingar

Ef til gjaldþrots kemur hjá fyrirtæki er mikilvægt að félagsmenn Eflingar leiti strax til stéttarfélagsins. Ef þeir eiga inni vangoldin laun er nauðsynlegt að hafa meðferðis ráðningarsamninga ef til eru, launaseðla síðustu fjögurra mánaða eða lengur og útskrift af launareikningum og orlofsreikningum til sönnunar á vanskilum. Í framhaldinu útbúa fulltrúar Eflingar kröfu á hendur fyrirtækinu sem í kjölfarið er send lögmanni stéttarfélagsins. Kröf-

**Eigi búið hins vegar ekki eignir eða eignirnar eru ekki meiri en svo að þær dugi fyrir skiptakostnaði kemur til kasta Ábyrgðasjóðs launa**

unni er síðan lýst í protabúið. Þetta segir Karl Ó. Karlsson hrl. í viðtali við Fréttablað Eflingar. Tilefnið eru

hin stóru gjaldþrot sem hafa dunið yfir fyrirtækin að undanfögnu og þá sérstaklega í byggingageiranum. Á undanfögnu vikum hafa fjölmargir félagsmenn leitað til Eflingar vegna gjaldþrota og minnir Karl á nokkur helstu atriði sem launafólk þarf að hafa í huga við þessar aðstæður.

Við uppkvaðningu úrskurðar héraðsdóms um gjaldþrot fyrirtækis skipar héraðsdómur skiptastjóra til þess að fara með stjórn protabúsins. Ein af fyrstu aðgerðum hans er að auglýsa skiptin í Lögbirtingarblaði og skora á alla sem telja sig eiga kröfu á hendur protabúinu að lýsa þeim kröfum í búið. Lögum samkvæmt er kröfulýsingafrestur tveir mánuðir frá því að fyrri innköllun skiptastjóra birtist í lögbirtingarblaði. Í framhaldinu tekur skiptastjóri afstöðu til lýstra krafna.

## Hvað um vanskilin?

Þegar fyrirtæki í rekstri verður gjald-

## Veist þú að...?

Réttur til hvernar styrkttegundar í Sjúkrasjóði er sjálfstæður og því möguleiki að fá allar styrkttegundirnar á einu og sama árinu.

Líkamsræktarstyrkur hjá Eflingu nemur nú 12.000 kr.

Sjúkrasjóður styrkir sálfélagslega viðtalsmeðferð sem nemur að hámarki 3.000 kr. fyrir hvert skipti í 15 skipti á hverjum 12 mánuðum.

Efling styrkir nú Sjúkra- og endurbjálfun sem nemur allt að 1.500 kr. fyrir hvert skipti í allt að 25 skipti á hverjum 12 mánuðum.



Þrota er ekki óalgennt að síðustu launagreiðslur og orlof séu í vanskilum. Við gjaldþrotið myndast enn fremur skaðabótakrafa hjá starfsmanni sem nemur rétti hans til launa á uppsagnarfresti. Starfsmanni ber skylda til að reyna að minnka tjón sitt með því að skrá sig atvinnulausan og sýna fram á virka atvinnuleit á uppsagnarfresti. Kröfur þessar teljast til svokallaðra forgangskrafna í þrotabúi. Kröfurnar eru þannig rétt hærra en til að mynda almennar kröfur, en flestar kröfur á hendur þrotabúi falla í flokk almennra krafna.

Séu til eignir í þrotabúinu er andvirði þeirra úthlutað til þeirra sem eiga samþykktar kröfur í þrotabúið í samræmi við réttindaröð. Forgangskröfur eru þannig t.d. greiddar að fullu, áður en nokkuð er greitt upp í almennar kröfur. Ef eignir duga ekki til þess að greiða forgangskröfur að fullu er greitt til hvers og eins forgangskröfuhafa í réttu hlutfalli við fjárhæð kröfu hans í búið. Eigi búið hins vegar ekki eignir eða eignirnar eru ekki meiri en svo að þær dugi fyrir skiptakostnaði kemur til kasta Ábyrgðasjóðs launa.

Launa- og orlofskröfur sem gjaldfalla á síðustu 18 mánuðum frá svokölluðum frestdegi teljast til forgangskrafna í þrotabúi. Frestdagur er oftast sá dagur þegar héraðsdómur móttækur beiðni um gjaldþrotaskipti. Krafa um laun á uppsagnarfresti getur verið mismunandi frá einum starfsmanni til annars, þar sem hún ræðst af lengd uppsagnarfrests viðkomandi samkvæmt ráðningar- og/eða kjarasamningi. Gagnvart þrotabúinu eru engin mörk á því hversu hárrí fjárhæð þessar kröfu geta numið. Komi hins vegar til þess að Ábyrgðasjóður launa þurfi að greiða forgangskröfur getur komið til talsverðrar skerðingar á kröfum starfsmanna. Stafar það af því að Ábyrgðasjóður launa ábyrgist í fyrsta lagi aðeins vangreidd laun síðustu þrjá starfsmánuðina og að hámarki 345.000 kr. fyrir hvern mánuð. Í annan stað nær ábyrgðin aðeins til launa á uppsagnarfresti í allt að þrjá mánuði og gildir sama hámarksfjárhæð fyrir hvern mánuð. Hér gildir það enn fremur að til frádráttar hámarksfjárhæð koma atvinnuleysisbætur og laun frá þriðja aðila á uppsagnarfresti. Hámarksfjárhæð orlofskröfu á hendur ábyrgðasjóði er svo 552.000 kr.

Dæmi

Til frekari skýringar má setja upp dæmi um starfsmann sem vann fasta yfirvinnu tiltekinn fjölda á mánuði og hafði samtals 400.000 kr. í laun á mánuði. Fyrirtækið sem hann vann hjá varð gjaldþrota 30. júní sl. Við gjaldþrotið voru júnílaun ógreidd, orlof að fjárhæð 600.000 var ógreitt og starfsmaðurinn átti fjögurra mánaða uppsagnarfrest vegna langs starfsaldurs. Starfsmaðurinn var atvinnulaus í júlímánuði, en fékk nýtt starf 1. ágúst sl. með því lægri laun eða 300.000 kr. á mánuði. Krafa hans annars vegar í þrotabúið og hins vegar á hendur Ábyrgðasjóði launa væri þá eins og meðfylgjandi tafla sýnir.

Ef engar eignir væru til í þrotabúinu þá myndi þessi starfsmaður tapa 368.000 kr. af kröfu sinni vegna bótatakmörkunar hjá Ábyrgðasjóði launa. Hér er um tilbúið dæmi að ræða til einföldunar og því getur tapið augljóslega orðið minna eða meira í einstaka tilviki.

Ívilnun á opinberum gjöldum

Mikilvægt er að átta sig á því að tap á

Tap á launakröfu getur skapað rétt til þess að óska eftir ívilnun á opinberum gjöldum

kröfu líkt og í þessu dæmi upp á 368.000 kr. getur skapað rétt til þess að óska eftir ívilnun á opinberum gjöldum hjá skatt-yfirvöldum. Ákvæði 6. tölul. 1. mgr. 65. gr. tekjuskattslaga nr. 90/2003 heimil skattstjórum að lækka tekjuskattstofn manna ef gjaldþol manns hefur skerst verulega vegna tapa á útistandandi kröfum sem ekki stafa frá atvinnurekstri hans, eins og það er orðað í ákvæðinu. Sækja má um slíka ívilnun hvenær sem er á þar til gerðu eyðublaði frá Ríkisskattstjóra. Algengast er að umsókn sé sett fram í tengslum við framtalsgerð, en það er ekki nauðsyn. Sanna verður að krafan sé töpuð og umsóknina verður að styðja með gögnum, s.s. afriti kröfulýsingar og kröfuskráar þar sem kemur fram afstaða skiptastjóra, gagna frá Ábyrgðasjóði um greiðslu og auglýsingar um skiptalok þrotabús vegna eignaleyysis.

Dæmi

|                                 | Þrotabúi  | Ábsj.     | Mismunur |
|---------------------------------|-----------|-----------|----------|
| Vangreidd laun júní             | 400.000   | 345.000   | 55.000   |
| Laun á uppsagnarfresti:         |           |           |          |
| Júlí                            | 400.000   | 345.000   |          |
| Frádráttur: atvinnuleysisbætur* | -220.729  | -220.729  |          |
| (*hámark tekjut. atvinnul.bóta) | 179.271   | 124.271   | 55.000   |
| Ágúst                           | 400.000   | 345.000   |          |
| Frádráttur: laun frá 3ja aðila  | -300.000  | -300.000  |          |
|                                 | 100.000   | 45.000    | 55.000   |
| September                       | 400.000   | 345.000   |          |
| Frádráttur: laun frá 3ja aðila  | -300.000  | -300.000  |          |
|                                 | 100.000   | 45.000    | 55.000   |
| Október                         | 400.000   | 0         |          |
| Frádráttur: laun frá 3ja aðila  | -300.000  |           |          |
|                                 | 100.000   |           | 100.000  |
| Orlof                           | 600.000   | 552.000   | 48.000   |
| Samtals                         | 1.479.271 | 1.111.271 | 368.000  |

## Starfsafl

# Vistakstur borgar sig – fyrir alla!

Í olúkreppu borgar sig að stíga varlega til jarðar – eða í bílgólf ef olúgjöfin er á milli. Ásókn fyrirtækja í sérstök vistakstursnámskeið hefur aukist og Starfsafl, starfsmennt Samtaka atvinnulífsins og Flóabandalagsins, hefur styrkt ýmis fyrirtæki til að halda vistakstursnámskeið fyrir bílstjóra sína sem eru félagsmenn Eflingar.

Að sögn ökukennara í vistakstri er árangur námskeiðanna alltaf töluverður en að meðaltali ná bílstjórar um 8-20% eldsneytissparnaði og jafnframt lækkun á aksturstíma. Ef þessi sparnaður helst má ætla að t.d. rútufyrirtæki geti sparað umtalsverðar upphæðir í eldsneytiskostnaði árlega. Ávinningur verkefnisins er þó ekki síst fólgin í ýmsum mikilvægum hliðaráhrifum eins og auknu umferðaröryggi, lægri akst-



**Vinnur þú við akstur?  
Gerðu sjálfum þér og fyrirtækinu greiða og legðu til við fyrirtækið að það fái vistakstursnámskeið á staðinn fyrir þig og félag þína**

urstíma, lægri viðhaldskostnaði bíla og aukinni vellíðan á vinnustað.

Vinnur þú við akstur? Gerðu sjálfum þér og fyrirtækinu greiða og legðu til við fyrirtækið að það fái vistakstursnámskeið á staðinn fyrir þig og félag þína.

Þú getur bent á að Starfsafl styrki námskeið af þessu tagi þannig að kostnaður fyrirtækisins verður fljótur að borga sig upp.

Nánari upplýsingar hjá Starfsafl í síma 510 7544 eða á [www.starfsafl.is](http://www.starfsafl.is)

## Starfsafl hækkar styrki

Á fundi stjórnar Starfsafls í júní sl. var samþykkt að hækka upphæð starfsmenntastyrkja Starfsafls í 60.000 kr. og styrki til lífsleikninámskeiða í 18.000 kr. Þetta gildir um nám sem hefst í haust eða hófst eftir 1. ágúst. sl.

Nánari upplýsingar um úthlutunarreglur má sjá á heimasíðu Starfsafls og í

nýjum, glæsilegum bæklingi Starfsafls um einstaklingsstyrki sem er til bæði á ensku og íslensku.

Bæklinginn má fá á skrifstofu Starfsafls og á skrifstofum stéttarféлага Flóabandalagsins sem eru stéttarfélögin Efling, Hlíf, VSFK og Boðinn.



[www.efling.is](http://www.efling.is)





Ekta íslenskt...



**ÓJ&K**  
Ó. Johnson & Kaaber ehf

## Vekur upp góðar minningar

Hver þekkir ekki ilminn af nýbökuðum Vilko  
vöflum með gómsætri Mömmusultu og  
rjúkandi heitu Rúbín kaffi? Með fjölskyldu  
og vinum í kaffinu á sunnudögum eða uppi  
í sumarbústað, þá jafnast ekkert á við  
gómsætar vöflur og ljúffengt kaffi.



*Vilko vöflur, Mömmusulta og Rúbín kaffi, svo ekta íslenskt.*

# Félagsliðar í nýju landi

Félagsliðabré fyrir erlenda starfsmenn hefst nú í haust hjá Eflingu-stéttarfélagi og Mími-símenntun. Þetta er í annað sinn sem boðið er upp á þetta nám fyrir erlenda félagsmenn og er ástæðan meðal annars sú hve góðar viðtökur námið fékk hjá fyrsta hópnum. Fjöldi erlendra starfsmanna í Eflingu vinnur við umönnunarstörf og aðhlynningu og því er þetta gott tækifæri fyrir þá að afla sér menntunar og aukinnar þekkingar til að geta betur tekist á við störfin.

Þetta er í annað sinn sem boðið er upp á Félagsliðabré með þessu sniði. Allir í fyrsta hópnum voru sammála um að námið hefði verið mjög gott og aðstoðin sem fólk fékk við að tileinka sér námsefnið og að læra á íslensku hafi verið ómetanleg og skapað þeim tækifæri til að vaxa í störfum sínum á Íslandi.

Námið er ætlað starfsmönnum við



Hann er ekki hár í loftinu en tók þátt í útskrift með mömmu sinni úr fagnámskeiði fyrir umönnunarstarfsmenn af erlendum uppruna

aðhlynningu og umönnun sem ekki hafa íslensku sem fyrsta mál. Þeir starfsmenn sem lokið hafa Fagnámskeiðum I og II eða hafa tekið samtals um 230 tíma á starfstengdum námskeiðum og

hafa 3ja ára starfsreynslu eða meira geta innritað sig í námið.

Allar nánari upplýsingar og innritun í námið er hjá Eflingu í síma 510-7500.



## Grunnmenntaskólinn opnar

# Tækifæri til frekara náms

Nú í haust verður aftur farið af stað með Grunnmenntaskólann í samstarfi Eflingar og Mímis-símenntunar. Skólinn hefur reynst mikil lyftistöng fyrir fólk með stutta skólagöngu að baki sem vill ná fótfestu að nýju á menntabrautinni. Lögð er megináhersla á nám í grunni helstu námsgreina, hlýlegt andrúmsloft

í skólanum og nám án prófa. Skólatíminn er um 300 klukkustundir.

Markmið námsins er að auka hæfni til starfs og náms með því að styrkja grunninn, efla sjálfstraust og samskiptahæfni og þjálfja sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð. Þá er lögð áhersla á að

skapa gott og hlýlegt andrúmsloft þar sem nemendur taka virkan þátt.

Kennslan er einstaklingsbundin og miðast við þarfir og getu hvers og eins. Helstu námsgreinar eru íslenska, enska, stærðfræði og tölvur. Mikil áhersla er lögð á að tengja tölvukennslu við kennslu í öðrum greinum m.a. með verkefnavinnu. Einnig er farið í sjálfstyrkingu, samskipti og veitt náms- og starfsráðgjöf. Allt námið er miðað við að þátttakendur hafi ekki farið í frekara nám að loknum grunnskóla eða langur tími sé liðinn frá því að þeir sátu síðast á skólabekk.

Námið í Grunnmenntaskólanum er einstaklingsbundið nám án prófa. Fyrir liggur samþykki menntamálaráðuneytisins á því að meta námið til eininga á framhaldsskólastigi.

Námið er metið til eininga og byggir það á viðurkenndri námskrá. Mikilvægtur þáttur í kennslunni er að nemendur fá framsetningu á náminu miðað við að vera fullorðin fólk með mikla reynslu.

Innritun fer fram hjá Mími-símenntun í síma 580 1800.



Aftur í nám

# Tækifæri sem þú mátt ekki missa af!



Hólmfríður Guðmundsdóttir, Ron Davis leiðbeinandi afhendir Inga Dan Ólafssyni, viðurkenningarskjal fyrir þátttöku á lesblindunámskeiði.

Enn á ný er boðið upp á námsleið sem nefnist *Aftur í nám* sem er fyrir fólk með lesblindu eða lestrarvanda. Mjög mikilvægt skref hefur verið stigið með því að bjóða upp á menntun til að aðstoða vegna lesblindu og hefur samfélagið allt tekið þátt í að sjá þetta sem verkefni sem þarf að vinna að.

Fræðslusjóðir Eflingar-stéttarfélags hafa ávallt styrkt sína félagsmenn til að sækja slík námskeið og átt gott samstarf við þá fræðsluaðila sem fremstir eru í að bjóða upp á Lesblindunámskeið en þar er Mímir-símenntun að vinna mjög gott starf.

Eins og undanfarin ár verða haldin nokkur námskeið en það er lykilatriði að skrá sig sem fyrst og komast þannig í hóp þeirra sem sigrast á lesblindunni í vetur.

Allir sem áhuga hafa eru hvattir til að leita til Mímis-símenntunar og skrá sig þar í síma 580-1800 til að komast á námskeið í vetur.

Ron Davis aðferðin

## Í alla leikskóla og grunnskóla

- segir María Ósk Guðbjartsdóttir

Ef ég mætti ráða þá væri ég búin að setja Ron Davis aðferðina inn í alla leikskóla og grunnskóla á landinu. Lesblinda fer vaxandi í samfélaginu og börnin okkar eiga skilið að það verði tekist á við vandann strax þegar þau greinast, sagði María Ósk Guðbjartsdóttir í ávarpi sem hún flutti við útskrift af lesblindunámskeiði hjá Mími vorið 2007 þegar hún útskrifadist af námskeiðinu.

Viðtalið við Maríu Ósk má sjá í heild á vef Eflingar [www.efling.is](http://www.efling.is). Það er í fjórða tölublaði Fréttablaðs Eflingar 2007.





*Nýttu þér stuðning til náms frá Eflingu*

## **Hvað fæst mikið endurgreitt?**

Eflingarfélagar geta sótt um endurgreiðslu kostnaðar hjá fræðslusjóðum

Eflingar á námi og námskeiðum sem þeir sækja. Reglur starfsmenntasjóða

*Efling pays part of your education*

## **What support do I have from the union?**

Members of Efling Union can apply for educational grants. The main rules of the educational funds of Efling state that those applying for a refund must have been members of the union for a 12 month period before applying. Grants to those in part-time employment are proportional. The amount of any grant offered to an individual

for vocational education they choose themselves is 60.000,- kr. a year. The main rule is that the total amount paid by Efling covers maximum 75% of the cost of the course. In case of hobby courses the amount paid by Efling is 18.000,- kr. or maximum 50% of the cost.

In order to apply for a refund from the union applicants must fill out a special form, available at the union office and on the union website [www.efling.is](http://www.efling.is). Applicants must also present receipt(s) for payment for the course together with a certificate that states that the course or semester is finished. Grants are paid every month.

## **Nýtt og spennandi nám**

*– fyrir starfsmenn í bítibúrum, eldhúsum og matsölum*



Nú í haust er að fara af stað nýtt nám fyrir starfsfólk í bítibúrum hjá Eflingu og Mími-símenntun. Um er að ræða 60 stunda nám. Kennt er eftir námskrá frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og gefur námið því einingar til framhaldsnáms og nýtist því með beinum hætti öllum þeim sem hafa áhuga á að fara í frekara nám.

Meðal þess sem fjallað er um í náminu eru smitleiðir, sóttvarnir og sótttheinsun. Einnig er fjallað um samskipti á vinnustöðum og tengda þætti. Allar nánari upplýsingar og skráning í námið er á skrifstofu Eflingar í síma 510-7500





# NÚ FÁ SÉR ALLIR ÁSKRIFT!

## 4 LEIKSÝNINGAR Á EINUNGIS 8.900 kr.

### Meiri snerpa

Hver leiksýning er sýnd þétt og í takmarkaðan tíma. Það er því um að gera að skipuleggja leikhúsárið fyrirfram og tryggja sér miða á þær sýningar sem heilla mest.

### Þú átt valið

Þú velur þær fjórar sýningar sem þér finnst mest spennandi af glæsilegri dagskrá Borgarleikhússins.

### Áskriftarkort

Hringdu í síma 568 8000 eða farðu á [borgarleikhus.is](http://borgarleikhus.is)



Borgarleikhúsið





Frækir ferðalangar í sumarferð Eflingar 2006 á leið upp að Laka

**Haustferð Eflingar að Hítarvatni og Skógarströnd**

## Nokkur sæti laus 6. september

Dagsferðir Eflingar – stéttarfélags hafa verið mjög vinsælar undanfarin ár. Ferðinni í ár er heitið að Hítarvatni og um Skógarströnd. Gert er ráð fyrir að eiga skamma viðdvöl í Félagsheimilinu Breiðablik og það er alltaf gaman að koma í Bjarnarhöfn og fá að smakka harðfiskinn og kannski hákarl sem er einstaklega vel verkaður þar. Kaffi verður drukkið á Hótel Borgarnesi á leiðinni heim.

Eins og nafnið bendir til er Hítarvatn í

Hítardal í mjög fallegu umhverfi. Vatnið er ekki í alfaraleið og þess vegna getur þetta verið nýr áfangastaður fyrir marga.

Við förum yfir Heydalinn á Skógarströndina. Fallega sveit á norðanverðu Snæfellsnesi þar sem góður leiðsögu- maður getur sagt okkur frá mörgu skemmtilegu. Til baka verður farið yfir Vatnsdalsheiði eftir viðkomu í Bjarnarhöfn þar sem margt er að skoða og fróðleik að finna.

Hið vinsæla kaffihlaðborð, sem alltaf er boðið uppá í Eflingarferðum, verður á Hótel Borgarnesi.

Lagt er af stað kl. 8.15 frá Sætúni 1 og áætlað er að vera komin heim um hálf ný.

Verð kr. 3.000,-

**Ef þú hefur áhuga hafðu þá samband strax við skrifstofu Eflingar Sætúni 1 í síma 510 7500.**



Hönnun / Smíði / Viðgerðir / Þjónusta

# Rennismíði

*A góðum járnnum*



**HÉÐINN**

Stórá 6 • IS-210 Garðabæ  
Sími: 569 2100 • Fax: 569 2101 • www.hedinn.is



Vetrarstemmning í orlofshúsi

## Húsin okkar í vetur!

Eftirtalin orlofshús og íbúðir eru í boði til félagsmanna Eflingar.



Íbúðir á Akureyri

|          | Vikuverð | Helgarverð |
|----------|----------|------------|
| 6 íbúðir | 18.000,- | 11.000,-   |



Svignaskarð í Borgarfirði - Stærra hús / heitur pottur

|       | Vikuverð | Helgarverð |
|-------|----------|------------|
| 1 hús | 21.000,- | 14.000,-   |



Húsafell í Borgarfirði / heitir pottar

|       | Vikuverð | Helgarverð |
|-------|----------|------------|
| 3 hús | 18.000,- | 11.000,-   |

| Bein leiga hjá umsjónarmanni á staðnum: |        |                |
|-----------------------------------------|--------|----------------|
| Illugastaðir / heitir pottar            | 2 hús  | sími: 462 6199 |
| Ölfusborgir / heitir pottar             | 10 hús | sími: 483 4260 |
| Einarsstaðir                            | 3 hús  | sími: 861 8310 |



Svignaskarð í Borgarfirði - Stór hús / heitir pottar

|       | Vikuverð | Helgarverð |
|-------|----------|------------|
| 6 hús | 18.000,- | 11.000,-   |



Skarð í Borgarfirði / heitur pottur

|       | Vikuverð | Helgarverð |
|-------|----------|------------|
| 1 hús | 26.000,- | 19.000,-   |



Úthlið í Biskupstungum / heitir pottar

|       | Vikuverð | Helgarverð |
|-------|----------|------------|
| 4 hús | 18.000,- | 11.000,-   |



Flúðir / heitur pottur

|       | Vikuverð | Helgarverð |
|-------|----------|------------|
| 1 hús | 18.000,- | 11.000,-   |



Kirkjubæjarklaustur

|       | Vikuverð | Helgarverð |
|-------|----------|------------|
| 3 hús | 16.000,- | 9.000,-    |



Svignaskarð í Borgarfirði - Lítil hús / heitir pottar

|       | Vikuverð | Helgarverð |
|-------|----------|------------|
| 6 hús | 16.000,- | 9.000,-    |



Hvammur í Skorradal

|       | Vikuverð | Helgarverð |
|-------|----------|------------|
| 1 hús | 26.000,- | 19.000,-   |



Efri Reykir / heitur pottur

|       | Vikuverð | Helgarverð |
|-------|----------|------------|
| 1 hús | 18.000,- | 11.000,-   |



4 íbúðir í vetur !!!

## Kaupmannahöfn í vetur

Frá Weidekampsgade í Kaupmannahöfn

Vinsældir í Kaupmannahöfn aukast stöðugt og höfum við bætt við einni stórglæsilegri íbúðinni í flotann. Nýja íbúðin er við Weidekampsgade á Íslandsbryggju, rétt við Langebro, íbúðin er öll hin veglegasta og fylgir henni bílastæði í bílajakjallara.

Nú býður Efling eina íbúð í Christi-

anshavn, aðra í Nørrebro og tvær á Íslandsbryggju.

Má segja að nú séu íbúðirnar nánast fullbókaðar fram að áramótum en félagsmenn eru hvattir til að hafa samband við skrifstofu til að fá upplýsingar um laus tímabil.

11. ágúst sl. hófst skráning fyrir tímabilið 1. janúar til 29. maí 2009 og nú er um að gera að velja sér tímabil og bóka strax. Páskar eru undanskildir þar sem þeir fara í sérúthlutun með öðrum orlofshúsum.

Félagsmenn og fjölskyldur þeirra og vinir sem dvalið hafa í íbúðunum eru mjög ánægðir með dvölinu í íbúðunum og finnst staðsetningin frábær.

Um er að ræða helgarleigu og þá er hægt að bæta við aukadegi eða leigja íbúðina í heila viku.

Nú er um að gera að panta íbúð og flugfar og skella sér til Köben því þar er alltaf eitthvað skemmtilegt að gerast.

### Leigugjald 29. ágúst – 31. desember 2008

|                                                   |          |
|---------------------------------------------------|----------|
| <b>Helgarleiga</b>                                | 26.000,- |
| Föstudagur – mánudags eða fimmtudagur – sunnudags |          |
| Aukadagur við helgi                               | 5.000,-  |
| <b>Vikuleiga</b>                                  | 42.000,- |

### Leigugjald 1. janúar – 29. maí 2009

|                                                   |          |
|---------------------------------------------------|----------|
| <b>Helgarleiga</b>                                | 31.000,- |
| Föstudagur – mánudags eða fimmtudagur – sunnudags |          |
| Aukadagur við helgi                               | 7.000,-  |
| <b>Vikuleiga</b>                                  | 47.000,- |

**Nú er um að gera að velja sér tímabil og bóka strax**



# Young Chang


yfir 20 ára reynsla á Íslandi

píanó á mynd kr. 323.000-

verð frá kr.  
**239.000-**

Tónastöðin býður upp á mikið úrval hljóðfæra og nótnahefta fyrir allar tegundir tónlistar og leggur áherslu á góða og persónulega þjónustu.

Hjá okkur færðu faglega þjónustu, byggða á þekkingu og áratuga reynslu.



## TÓNASTÖÐIN

Allt fyrir tónlistarmanninn

Gott að vita !!!

## Vetrarleiga orlofshúsa og íbúða



*Það er hlýlegt í íbúðunum á Akureyri á veturna og nóg afþreying í boði*

**Tímabil vetrarleigu á orlofshúsum / íbúðum innanlands** er frá 29. ágúst 2008 til 29. maí 2009. Páskar eru undanskildir þar sem úthlutað er sérstaklega um páska og verður það auglýst síðar. Bókað er sex mánuði fram í tímann nema í íbúðirnar í Kaupmannahöfn. Bókað er í þær frá 29. ágúst til áramóta og síðan frá áramótum fram til 29. maí 2009.

**Helgarleiga** miðast við fimmtudag til sunnudags eða föstudag til mánudags.

**Punktafrádrag** er ekkert fyrir félagsmenn í vetrarleigu.

### Hvernig leigi ég orlofshús!

Þú hringir í síma 510 7500 eða kemur við hjá okkur á skrifstofu félagsins að Sætúni 1.

### Ölfusborgir, Illugastaðir og Einarsstaðir.

Hús á þessum stöðum eru leigð beint af rekstrarfélögunum á staðnum. Sími í Ölfusborgum er 483 4260, opið virka daga kl. 13.00 – 16.30, lokað á miðvikudögum, sími á Einarsstöðum er 861 8310 og sími á Illugastöðum er 462 6199.

Önnur orlofshús og íbúðir eru bókaðar í síma 510 7500.

## FISKVINNSLUFÓLK - FISKVERKENDUR

### *Mennt er máttur*

Starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar býður upp á grunnnámskeið fyrir fiskverkafólk, og starfsmenn fiskimjölsverksmiðja og fiskeldisstöðva.

Um er að ræða 40 klst. námskeið um meðferð hráefnis, hreinlæti og gerlagróður, innra eftirlit, vinnslurásir og verkunaraðferðir, markaðsmál, vinnuvistfræði, öryggismál, kjaramál, mannleg samskipti, sjálfstyrkingu, skyndihjálpi, fjölmenningsfræðslu og umhverfismál.

Námskeiðið færir starfsmanni launahækkun og starfsheitið sérhæfður fiskvinnslumaður.

Hafðu samband og kynntu þér málið.

*Hafðu samband ef þú ert í fræðsluhugleiðingum*



**Starfsfræðslunefnd  
fiskvinnslunnar**

Sjávarútvegsráðuneytinu Skúlagötu 4 150 Reykjavík  
Sími 545 8300 Fax 562 1853 netfang hulda@hafro.is

Starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar heyrir undir sjávarútvegsráðuneytinu. Hlutverk hennar er að skipuleggja fræðslustarfsemi fyrir starfsfólk í fiskiðnaði. Nefndin er skipuð fulltrúum frá ráðuneytinu, Starfsgreinasambandi Íslands og Samtökum atvinnulífsins.





Ómar Þorvaldsson og eiginkona hans Magna Richardsdóttir ásamt Telmu Lind Sigurðardóttur og Vigdísi Þóru Ómarsdóttur.

## Góð umgengni í orlofshúsum

– Segir Ómar Þórhallsson í Sumarhúsaþjónustunni

Mjög góð nýting hefur verið á sumarhúsum Eflingar í sumar eins og undanfarin ár og hafa dvalargestir ítrekað lýst yfir ánægju með aðbúnaðinn og þjónustuna á orlofssvæðum félagsins. Meðal þeirra sem eiga þátt í því eru umsjónaraðilar orlofsbyggðanna sem Orlofssjóður Eflingar rekur víða um land. Í þeim hópi er Sumarhúsaþjónustan á Selfossi sem sér um þjónustu og viðhald á sumarhúsum Eflingar í Úthlíð og Flúðum. Við heimsóttum Ómar Þórhallsson, framkvæmdastjóra Sumarhúsaþjónustunnar í Úthlíð einn góðviðrisdag fyrir skömmu. Hann segir að fyrirtæki sitt hafi tekið við umsjón á orlofssvæðunum í byrjun júní í fyrra og umgengnin í húsunum sé mjög góð yfir sumartímann. En hverjar eru ástæður góðrar umgengni?

Líklega er það vegna þess að í flestum tilvikum er það fleira fjölskyldufólk sem dvelur í húsunum á sumrin, segir Ómar. En vetrartíminn er erfiðari í umsjón vegna þess að þá er meira um styttri leigur og jafnvel hópa af ýmsu tagi í húsunum og oft fylgir því miður verri umgengni í kjölfarið þó langflestir séu til fyrirmyndar segir hann. Hann segir

þó ekki mikið um skemmdir á húsbúnaði eða munum en alltaf geti komið fyrir óhöpp svo sem að stólar brotni eða tæki skemmist. Mjög brýnt er að þá láti leigjendur umsjónarmann eða skrifstofu Eflingar vita svo hægt sé að gera ráðstafanir til úrbóta strax. Það er bæði hvítleitt og getur valdið óhöppum hjá næstu gestum þegar reynt er að fela skemmdir og tjasla saman húsgögnum. Svo er það líka neyðarlegt fyrir þann sem skilur við húsnæðið þannig.

Það er líka ýmislegt fleira sem við sem störfum hér þurfum að horfa uppá varðandi umgengni í húsunum og einnig geta komið upp alvarleg slysamál. En mikilvægt er í því sambandi að þúsundir félagsmanna dvelja í orlofshúsum okkar allt árið og slæm mál heyra til undantekninga þó þau séu nógu erfið þegar þau gerast.

### Mikið hringt út af heitu pottunum

Ómar eða starfsmenn hans hafa ekki fasta viðveru á orlofssvæðunum en ef eitthvað kemur uppá þá er síminn alltaf opin og það er mikið hringt, segir hann. Oftast snúast fyrirspurnirnar um heita pottinn. Fólk finnst ganga of hægt að fylla hann og þrestur þolinmæðin við

biðina og heldur að hitakerfið sé bilað. En oftast eiga fyrirspurnir við rök að styðjast og yfirleitt næst að leysa málin í gegnum síma en ef það tekst ekki þá verður maður að fara á staðinn og leysa málið, segir hann.

Ómar segist vilja láta koma fram af gefnu tilefni að tveir gaskútar séu í hverju húsi og það sé passað uppá að skipta um tóma kúta. En eftir að plastkútar voru teknir í notkun hefur fólk stundum ekki áttað sig á hvort að þeir eru tómir eða jafnvel hálfir og skiptir þeim út. Þess vegna biður hann fólk um að ganga úr skugga um að kúturnir séu tómir þegar þeim er skipt út og koma þannig í veg fyrir óþægindi og aukinn kostnað af þessum sökum.

### Fjölbreyttar tómstundir

Aðspurður um dægrastyttingu á orlofssvæðunum segir Ómar að margt skemmtilegt sé hægt að gera á báðum stöðum sem hann hefur umsjón með en Úthlíð sé einstakur staður hvað það varðar. Þar er matsölustaður og bar, verslun og golfvöllur. Svo eru Gullfoss og Geysir hér steinsnar frá og skemmtilegar gönguleiðir eru víða.

Að lokum sagðist Ómar vilja leggja áherslu á að dvalargestir gangi vel um húsin og umhverfið og láti vita ef eitthvað er að svo allir verða ánægðir, bæði dvalargestir og þeir sem eru á leiðinni að taka við bústaðnum af þeim.



Á leið út í Papey

# Við náum árangri...

SPRON leggur áherslu á persónulega þjónustu sem stuðlar að fjárhagslegum ávinningi allrar fjölskyldunnar.



Sumarferð Eflingar 2008

# Ógleymanleg ferð í Papey

Það er samdóma álit þeirra sem tóku þátt í sumarferð Eflingar að þessu sinni að hún hafi heppnast einstaklega vel. Það var sannarlega hægt að hlakka til ferðarinnar því ferðinni var heitið í Papey og Mjóafjörð, hvort tveggja staðir úr alfaraleið en með mikla sögu og annálaða náttúrufegurð, segir Guðmundur Þ Jónsson sem fór með hópnum af hálfu Eflingar. Það var enginn svikinn af þessari ferð, sagði hann.

Aðalviðkomustaðir ferðarinnar voru Papey og Mjóafjörður. Á leiðinni til Djúpavogs, sem var gististaður okkar í tvær nætur, komum við í Þórbergssetrið á Hala í Suðursveit. Þangað er gaman að koma og mæltist þessi óvænta viðdvöl vel fyrir hjá ferðalöngum. Þaðan héldum við til Djúpavogs og var vel tekið á móti okkur á Hótel Framtíðinni og var

allur aðbúnaður alveg frábær.

Papeyjarferðir sáu um að flytja okkur út í eyjuna í tveimur hópum. Veðrið var gott, sólskin og hlýtt var út í eyinni. Aðeins þrjú hús eru þar auk kirkjunnar sem er ein minnsta og elsta timburkirkja landsins, 12 fermetrar að stærð, lítið og fallegt hús, talið byggt 1807 og er því yfir 200 ára gömul. Þetta er kannski ekki eina kirkjan í eyinni því þar er fallegur hóll sem kallaður er Einbúi sem sögð er kirkja huldufólksins.

Á þriðja degi var haldið í Mjóafjörð. Það var bjart þegar lagt var af stað, glaða sólskin en hvasst og frekar kalt. Það átti eftir að versna dálítið þegar fór að rigna og á leiðinni niður Fagradalinn snjóaði lítilllega. En þegar niður í Mjóafjörðin var komið birti heldur betur til og sól-in skein. Við nutum þess að sjá þennan

fallega fjörð baðaðan sól.

Mjóafjörður liggur á milli Norðfjarðar og Seyðisfjarðar 18 km langur umlukstur háum fjöllum með litlu undirlendi. Eitt sinn bjuggu á fimmta hundrað manns í firðinum og þar var þónokkur útgerð. Síldveiði var t.d. stunduð frá einum 15 söltunarstöðvum um 1880. Nokkuð sem manni finnst ótrúlegt þegar maður kemur þangað núna.

Frá Mjóafirði var svo haldið um Möðrudalsöræfi að Laugum í Reykjadal. Við áttum stuttan stans í Fjallakaffi í Möðrudal, flestir fengu sér kaffi og kleinur og skoðuðu kirkjuna. Á Laugum var vel tekið á móti okkur að vanda. Þar gistum við síðustu nóttina og frá Laugum héldum við á sunnudagsmorgni hefðbundna leið til Reykjavíkur reyndar í misjöfnu veðri.



... saman!



## Alltaf skemmtilegt í sumarvinnunni

-segja Halldór og Anna Mjöll hjá Atlashumri

Anna Mjöll Matthíasdóttir var að vigta öskju fulla af humarhölum þegar okkur bar að garði í fyrirtækinu Atlashumri í Þorlákshöfn. Hún á heima í Þorlákshöfn en stundar nám í Menntaskólanum í Reykjavík. Hún byrjar í fimmta bekk í haust og námið hefur gengið mjög vel hingað til. Fréttablað Eflingar heimsótti Atlashumar í sumar og ræddi þar við Önnu Mjöll og Halldór Rafn Gissurarson sem bæði eru mjög ánægð

með þessa sumarvinnu.

Þegar nemendur í framhaldsskólum hafa lokið síðasta prófinu á vorin flykkjast þeir út á vinnumarkaðinn til þess að afla tekna fyrir næsta skólaár. Fjölbreytt störf eru í boði og Atlashumar í Þorlákshöfn er eitt af þeim fyrirtækjum sem ræður skólafólk til vinnu á sumrin. Anna Mjöll fer í bíl til Hveragerðis og tekur rútu þaðan til Reykjavíkur. Svo fær hún stundum far í bæinn sem er bara fínt, segir hún. Anna segir að

stundum sé erfitt að komast í bæinn og einu sinni hafa hún orðið strandaglópur á Hellisheiði. Ég var farþegi í bíl sem festist í snjóskafli og komst ekki í skólann þann daginn og ekki næsta dag vegna ófærðar, segir hún.

Um sumarvinnuna segir Anna Mjöll að þetta sé fjórða sumarið hennar í humarvinnslunni og kosturinn við að vinna í humri eða fiski sé að maður hafi góð laun. Peningarnir fyrir sumarvinnuna hafi dugað yfir veturinn og hún hafi ekki þurft að vinna með skólanum. Aðspurð segist Anna Mjöll borða humar og hann sé mjög góður en hún lætur hann eiga sig yfir sumartímenn. Um framtíðina sagðist Anna Mjöll stefna á að fara í lækisfræði þegar hún hefur lokið stúdentsprófið.

**ÖLL VINNUVÉLARÉTTINDI  
ÖLL ÖKURÉTTINDI**

Ný námskeið vikulega  
[www.et.is](http://www.et.is)

**NÝ  
ÖKUSKÓLINN**

**SÍMI: 822 4502**





## Mjög gott að búa í Þorlákshöfn

Halldór Rafn Gissurarson flutti til Þorlákshafnar þegar hann var fjögurra ára og stundar nám á Náttúrufræðibraut í Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi. Hann segir að það sé mjög gott að búa í Þorlákshöfn.

Aðspurður um hvað sé við að vera í bænum segist hann vera í tónlist svo sé líka hægt að stunda íþróttir og ýmislegt fleira skemmtilegt. Hann er í hljómsveit sem heitir Algrúppa og við hitum upp á böllum og spilum á skemmtunum.

Aðspurður segist Halldór syngja og spila á gítar og að spilamennskan gefi smá pening í vasann öðru hvoru. Hann byrjar þriðja árið sitt í Fjölbrautaskólanum í haust og námið gengur mjög vel. Þetta er þriðja sumarið í humrinum og það sé alltaf jafn skemmtilegt að mæta í vinnuna, þegar skólanum lýkur á vorin. Það er oftast starfsfólkinu og verkstjórnunum að þakka segir hann ennfremur. Verkefni hans er að glassúra humarinn þegar búið er að frysta hann. Það er gert þannig að humarinn er frystur og síðan er vatni helt yfir. Þá myndast glasseruð húð. Síðan er farið með humarinn aftur í frystiklefann og eftir þessa meðferð er hægt að geyma hann mun lengur. Halldór segir að launin séu ágæt og dugi yfir veturinn. Um vinnutímann segist Halldór mæta til vinnu frá klukk- an sex til átta á morgnana. Það ræðst af því hversu mikið af humri kemur í hús segir hann. Oftast er unnið til sjö á kvöldin og stundum um helgar. Við reynum alltaf að klára allan humar sem er í húsinu á meðan hann er ferskur. Um framtíðarplön sín segist Halldór stefna á nám í viðskiptafræði.



Sumargetraun Eflingar 2008

## Sunna Sigurðardóttir fékk vinninginn

Sunna Sigurðardóttir, starfsmaður á bensinstöð Skeljungs á Bústaðavegi hlaut vinning að upphæð 15.000 krónur fyrir rétta lausn í sumargetrauninni. Það var létt yfir henni þegar hún sótti vinninginn eins og sést á myndinni. Félagið óskar henni innilega til hamingju



Fjármál heimilanna

# Er til lausn í kreppunni?

Efling mun í vetur halda áfram með námskeið um fjármál heimilanna fyrir félagsmenn. Þessi námskeið hafa

notið vaxandi vinsælda og hafa margir Eflingarfélagar sagt frá umskiptum í fjármálum sínum eftir að hafa sótt

námskeiðið. Námskeiðið er ætlað fólki sem vill læra að nýta tekjurnar sem best, losna hratt við skuldir og koma góðu skipulagi á heimilisreksturinn. Kennari er Ingólfur Hrafnkell Ingólfsson.



## HJÚKRUNARHEIMILI



Hjúkrunarheimilið Skjól óskar eftir starfsfólki við umönnun heimilisfólks.

Við leitum að áhugasömum einstaklingum og bjóðum traust, jákvætt og duglegt fólk velkomið til starfa.

Upplýsingar veita  
Aðalheiður Vilhjálmisdóttir, hjúkrunarforstjóri og  
Edda Björk Arnardóttir, starfsmannastjóri  
í síma 522 5600 virka daga.  
Umsóknir er einnig hægt að senda á  
[edda@skjol.is](mailto:edda@skjol.is)

**Skjól hjúkrunarheimili**  
**Kleppsvegi 64, 104 Reykjavík**  
**Sími 522 5600**

Á námskeiðinu er farið yfir ýmsar tegundir lána og sparnaðar. Vextir og verðbætur útskýrð og kennt hvernig á að lesa út úr greiðsluseðlinum. Kennarar eru leiðir til þess að auka ráðstöfunartekjur heimilisins, stýra útgjöldunum og fá sem mest út úr þeim peningum sem til eru. Nú í vetur verða námskeiðin með nýju sniði. Ingólfur ætlar að halda námskeið í Borgarleikhúsinu a.m.k. þrisvar sinnum nú í haust og hefur Efling tryggt sér ákveðinn fjölda sæta á hvert námskeið þannig að möguleikum félagsmanna fjölga verulega á að sækja þessi frábæru námskeið. Ein af upphaldskenningum Ingólfs er að „tekjurnar skipti ekki meginmáli, heldur hvernig við förum með þær.“ Ekki er víst að allir séu sammála um þetta og því er bara enn brynna að skella sér á námskeið til Ingólfs áður en allt verður fullbókað.

Nánari upplýsingar um námskeiðin er að finna á heimasíðunni: [www.spara.is](http://www.spara.is)

**Námskeiðið er opið öllum Eflingarfélögum og er ókeypis. Skráning er hjá Eflingu í síma 510-7500**



# Impra á Nýsköpunarmiðstöð Íslands

býður upp á fjölbreytt námskeið á sviði stjórnunar, nýsköpunar og þjónustu. Hlutverk okkar er að svara þörfum og óskum viðskiptavina um fræðslu og hafa frumkvæði að nýjum lausnum á sviði menntunar og nýsköpunar. Við störfum með einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum um land allt.

## Námsframboð á haustönn 2008

### ■ Brautargengi

Fyrir konur sem vilja hrinda viðskiptahugmynd í framkvæmd og reka fyrirtæki

### ■ Verkefnastjórnun – Lykill að árangri

Grundvallaratriði verkefnastjórnunar

### ■ Samningatækni fyrir konur

Markvissar aðferðir til að ná betri árangri í samningum

### ■ Stofnun og rekstur smáfyrirtækja

Námskeið um grundvallaratriði stofnunar og reksturs fyrirtækja

### ■ Verkstjórn - Stjórnunarnám

Starfsnám fyrir starfandi og verðandi verkstjórnendur

### ■ Innkaup og vörustjórnun

Námskeið fyrir þá sem starfa við innkaup og stjórnun vöruflokka í smásölu

### ■ Umsjónarmenn fasteigna I og II

Starfsnám fyrir umsjónaraðila fasteigna

### ■ Þjónustugæði og símavarsla

Góð símavarsla – betri ímynd

### ■ Sóknarbraut

Hagnýtt námskeið um rekstur fyrirtækja. Haldið nú á Ísafirði og í Vestmannaeyjum.

Nánari upplýsingar eru á vef okkar **[www.impra.is](http://www.impra.is)** og í **síma 522 9000**.



Nýsköpunarmiðstöð  
Íslands

Akureyri | Höfn | Ísafirði | Reykjavík | Vestmannaeyjum

# Nám Eflingar haust 2008

|                                                          | Hefst              | Lýkur   |
|----------------------------------------------------------|--------------------|---------|
| <b>Námskeið almenns eðlis</b>                            |                    |         |
| Grunnmenntaskólinn                                       | 22. sept.          | 13. des |
| Aftur í nám 18                                           | 2. sept.           | 30. okt |
| Aftur í nám 19                                           | 14. okt            | 11. des |
| Að versla á netinu                                       | 17. nóv            |         |
| Starfslokanámskeið                                       | 9. 11. og 13. sept |         |
| Starfslokanámskeið                                       | 4. 6. og 8. nóv    |         |
| Fjármál heimilanna                                       | 17. sept           |         |
| Fjármál heimilanna                                       | 14. okt            |         |
| Fjármál heimilanna                                       | 4. nóv             |         |
| <b>Starfstengt nám</b>                                   |                    |         |
| Félagsliðar framhaldsnám í umönnun heilabílaðra          | 10. sept           | 10. des |
| Félagsliðabré 9, fyrsta önn                              | 26. ág             | 18. des |
| Félagsliðabré 8                                          | 1. sept            | 26. nóv |
| Félagsliðabré 5 erl. félagsmenn                          | 25. ág             | 17. des |
| Félagsliðabré 7                                          | 25. ág             | 15. des |
| Félagsliðabré 6                                          | 26. ág             | 9. des  |
| Fagnámskeið I umönnun (hópur 1)                          | 7. okt             | 27. nóv |
| Fagnámskeið I umönnun (hópur 2)                          | 6. okt             | 26. nóv |
| Fagnámskeið I umönnun (hópur 3)                          | 20. okt            | 10. des |
| Þjónustuliðar - bítibúr                                  | 14. okt            | 12. nóv |
| Framhald fyrir leikskólaliða fatlanir og sérþarfir barna |                    |         |
| Leikskólalabré 6                                         | 25. ág             | 8. des  |
| Leikskólalabré 7                                         | 27. ág             | 10. des |
| Leikskólalabré 8                                         | 26. ág             | 16. des |
| Fagnámskeið Leikskólar                                   |                    |         |
| Fagnámskeið Leikskólar                                   |                    |         |
| Fagnámskeið I eldhús og mótuneyti                        | 23. sept           | 13. nóv |
| Fagnámskeið III eldhús og mótuneyti fyrri lota           | 3. nóv             | 26. nóv |
| <b>Trúnaðarmannanám</b>                                  |                    |         |
| Trúnaðarmannanámskeið I                                  | 10. nóv            | 14. nóv |
| Trúnaðarmannanámskeið I                                  | 29. sept           | 3. okt  |
| Trúnaðarmannanámskeið II                                 | 13. okt            | 17. okt |



|  | Vikudagar                          | Tími                  | Staðsetning       | Skráning |
|--|------------------------------------|-----------------------|-------------------|----------|
|  |                                    |                       |                   |          |
|  | Mánud., miðvikud., og 2 x laugard. | 16.30-20.30           | Öldugötu 23       | Mímir    |
|  | Þriðjud. fimmtud.                  | 17.00-20.00           | Öldugötu 23       | Mímir    |
|  | Þriðjud. fimmtud.                  | 17.00-20.00           | Öldugötu 23       | Mímir    |
|  | Mánudagur                          | 19.00-21.30           | Öldugötu 23       | Efling   |
|  | Þriðjud., fimmtud. og laugard.     | 19-22/10-15. laugard. | Eflingu, Sætúni 1 | Efling   |
|  | Þriðjud., fimmtud. og laugard.     | 19-22/10-15. laugard. | Eflingu, Sætúni 1 | Efling   |
|  | Miðvikudagur                       | 8.15-22.15            | Borgarleikhúsinu  | Efling   |
|  | Þriðjudagur                        | 8.15-22.15            | Borgarleikhúsinu  | Efling   |
|  | Þriðjudagur                        | 8.15-22.15            | Borgarleikhúsinu  | Efling   |
|  |                                    |                       |                   |          |
|  | Miðvikudagur                       | 13.00-16.00           | Öldugötu 23       | Efling   |
|  | Fimmtud., 3 þriðjud. og 1 laugard. | 16.30-20:15           | Húsnæði Mímis     | Efling   |
|  | Miðvikud., 2 mánud. og 2 laugard.  | 16.30-20.15           | Húsnæði Mímis     | Efling   |
|  | Miðvikud., 2 mánud. og 2 helgar    | 13.15-17.00           | Skeifunni 8       | Efling   |
|  | Mánud., 3 miðvikud. og 2 laugard.  | 16.30-20.15           | Húsnæði Mímis     | Efling   |
|  | Þriðjud., 3 fimmtud. og 1 helgi    | 16.30-20.15           | Húsnæði Mímis     | Efling   |
|  | Þriðjud., miðvikud. og fimmtud.    | 13.20-16.15           | Húsnæði Mímis     | Efling   |
|  | Mánud., þriðjud. og miðvikud.      | 13.20-16.15           | Húsnæði Mímis     | Efling   |
|  | Mánud., þriðjud. og miðvikud.      | 13.20-16.15           | Húsnæði Mímis     | Efling   |
|  | Þriðjud., miðvikud. og fimmtud.    | 13.20-16.15           | Húsnæði Mímis     | Efling   |
|  | Nánar auglýst síðar                |                       |                   | Efling   |
|  | Mánudaga                           | 17.30-21.15           | Húsnæði Mímis     | Efling   |
|  | Miðvikudaga                        | 17.00-20.45           | Húsnæði Mímis     | Efling   |
|  | Þriðjudaga                         | 17.00-20.45           | Húsnæði Mímis     | Efling   |
|  | Nánar auglýst síðar                |                       |                   | Efling   |
|  | Nánar auglýst síðar                |                       |                   | Efling   |
|  | Þriðjud. og fimmtud.               | 15.15-18.10           | MK                | Efling   |
|  | Mánud. og miðvikud.                | 15.15-18.10           | MK                | Efling   |
|  |                                    |                       |                   |          |
|  | Alla daga                          | 9.00-15.30            | Eflingu, Sætúni 1 | Efling   |
|  | Alla daga                          | 9.00-15.30            | Eflingu, Sætúni 1 | Efling   |
|  | Alla daga                          | 9.00-15.30            | Eflingu, Sætúni 1 | Efling   |

# Starfsmannabreytingar hjá Eflingu



## Ágúst Þorláksson lætur af störfum

Ágúst Þorláksson kom til starfa hjá Eflingu-stéttarfélagi í september 2004 en hann hafði áður unnið að verkalyðsmálum á árunum 1994 til 1998, þegar hann var aðaltrúnaðarmaður hjá Eimskipum og sat í stjórn Dagsbrúnar.

Eftir að hafa starfað hjá Eflingu í tæp fjögur ár ákvað Ágúst að kominn væri tími á frekari menntun og flutti hann með fjölskyldu sinni til Danmerkur í júlí þar sem hann hyggst stunda nám á næstu árum.

Efling-stéttarfélag þakkar Ágústi Þorlákssyni fyrir vel unnin störf og sendir góðar kveðjur til fjölskyldunnar í Danmörku.



## Herdís Steinarsdóttir til Eflingar

Herdís Steinarsdóttir hefur verið ráðin þjónustufulltrúi hjá Eflingu-stéttarfélagi. Herdís hefur unnið á sviði Eflingar, bæði á hóteli við gestamóttöku o.fl. auk þess sem hún vann sem vaktstjóri á Pizza stað um tíma í Reykjavík. Þá var hún um tíma á stjórnslusviði Tollstjórans í Reykjavík og vann síðast sem stuðningsfulltrúi og aðstoðarmaður kennara í grunnskóla í borginni. Herdís er með BA próf í félagsfræði frá HÍ með fjölmiðlafræði sem aukagrein. Efling býður Herdísi velkomna til starfa.



## Erna Björk Jóhannesdóttir til starfa

Erna Björk Jóhannesdóttir hefur verið ráðin til starfa í móttöku skrifstofu Eflingar. Erna vann um árabíl hjá Eimskipum sem móttökuritari en þar að auki hefur hún starfað á veitingasviði, verið í starfi hjá Frumherja og nú síðast sem aðstoðarmaður á Leikskólanum Fálkaborg. Efling býður Ernu velkomna til starfa.



## Sigríður Rut Indriðadóttir og Ólafur Jafet Bachmann láta af störfum

Þau Sigríður Rut Indriðadóttir og Ólafur Jafet Bachmann hafa ræst hluta af húsnæði Eflingar í Sætúninu frá því um mitt ár 2006. Einnig hefur Indriði Jóhannsson séð um ræstingar á hlut af húsnæðinu. Efling þakkar þessu ágæta starfsfólki góð störf.



## Kolbrún S. Jónsdóttir tekur við ræstingunni

Kolbrún S. Jónsdóttir hefur tekið við ræstingu á skrifstofu og fræðslusölum Eflingar að Sætúni 1. Kolbrún hefur góða reynslu á þessu sviði, hefur m.a. verið flokksstjóri hjá ISS um nokkurra ára skeið. Efling býður Kolbrúnu velkomna til starfa.





- ÍSLENSKA FYRIR ÚTLENDINGA
- TUNGUMÁL
- HANDVERK OG LISTIR
- HEILSA OG ÚTLIT
- TÖLVUR OG REKSTUR
- TÓNLISTAR- OG SÖNGNÁM
- LEIKLIST FYRIR BÖRN
- NÁMSAÐSTÖÐ
- MATUR OG NÆRING
- PRÓFAÁFANGAR
- FJARNÁM VIÐ HA
- DAGFORELDNÁMSKEIÐ

## NÁMSFLOKKAR HAFNARFJARÐAR

### • MIÐSTÖÐ SÍMENNTUNAR

Námskeið á haustönn 2008 hefjast 22. september

Nánari upplýsingar og innritun í síma **585-5860**

Ný námskrá kemur út í byrjun september og verður aðgengileg

á netinu: **www.nhms.is**



**Efling-stéttarfélag vinnur fyrir þig**

*- Sterkari saman!*

Efling-stéttarfélag • Sætún 1 • Sími 510 7500 • Fax 510 7501 • [www.efling.is](http://www.efling.is)

**EFLING**  
STÉTTARFÉLAG

- stendur með þér



Nýr stjórnarmaður í Eflingu

## Býð kannski formanninum á hestbak

- segir Sigurey Agatha Ólafsdóttir

Ég og sonur minn erum á leiðinni í sumarfrí norður í Húnavatnssýslu að heimsækja hestana okkar sem eru í fóstri á Höskuldstöðum í Skagsbyggð hjá móðursystur minni á sumrin og heimsækja systur mína sem býr í Blöndudal skammt frá Blönduvirkjun á bænum þar sem maðurinn hennar ólst upp. En fjölskylda okkar bjó áður fyrr á sveitabæ sem heitir Litla - Búrfell í Svínavatnshreppi. Þar ólst ég upp til 18 ára aldurs hjá foreldrum mínum, ásamt þremur systkinum og jafnmörgum gamalmönnum sem bjuggu á heimilinu og pabbi stundaði fjárbúskap og hestamennsku, segir Sigurey Agatha Ólafsdóttir sem tók sæti í stjórn Eflingar á aðalfundi félagsins síðastliðið vor.

Ég var aðeins nokkra mánaða gömul þegar ég fór fyrst á hestbak og er nýbyrjuð aftur í hestamennskunni ásamt dóttur minni eftir fjórtán ára hlé. Nú eiga þær mæðgur fimm hesta og ekki sé ólíklegt að þeim fjölgi í haust þegar þau koma aftur til Reykjavíkur. Þegar Sigurey er spurð um uppeldisárin í sveitinni segist hún hafa tekið þátt í

ýmsum störfum við búskapinn. Á veturina hjálpaði ég til við fjárbúskapinn og sauðburðinn á vorin og göngur og réttir á haustin. Ég fór líka snemma að stunda hestamennsku og aðstoðaði m.a. pabba við tamningar á hestum sem aðrir áttu. Ég lærði líka margt hjá gamla fólkinu sem ég bý að ennþá og þegar ég hugsa til baka þá á ég eingöngu góðar minningar frá þessum árum og ég hef reynt að nota þær við uppeldi barnanna minna, segir hún. Aðspurð um skólagöngu segist Sigurey hafa farið í barnaskóla í sveitinni og síðan hafi skóli lífsins tekið við. Móðir mín tók börn í sveit og einn af strákunum heillaði mig og ég flutti til Reykjavíkur. Við erum gift og eigum þrjú börn, segir hún.

**Ég lærði líka margt hjá gamla fólkinu sem ég bý að ennþá og þegar ég hugsa til baka þá á ég eingöngu góðar minningar frá þessum árum**

### Byrjaði í uppvaski á Hótel Sögu

Sigurey vann í uppvaski á Hótel Sögu og svo í Perlunni. Þaðan lá leiðin á Hótel Borg fyrst í uppvaski og ræstingum, færði sig svo yfir í að þjóna á Hótel Borg. Í núverandi starfi hjá Össuri starfar hún sem sílíkontæknir við framleiðslu á hulsum úr sílíkonu sem eru settar undir gervifætur.

Sigurey líkar afskaplega vel að vinna hjá Össuri. Vinnuumhverfið er mannlegt og tillit er tekið til fjölskyldufólks og samheldni starfsfólksins er mikil.

### En hvernig bar það að að hún tók að sér að gerast stjórnarmaður í Eflingu?

Sigurey er trúnaðarmaður starfsfólks Össurar og hefur setið í nefndum og stjórnun Eflingar. Hún segir að kannski hafi þau störf og sýn hennar á félagsstörfin leitt til þess að henni var boðið að gerast stjórnarmaður. Aðspurð um hvaða málefni hún muni beita sér fyrir segist Sigurey ekki hafa myndað sér ákveðna skoðun á því. En ég vona



að vinnufundur sem verður haldinn í haust verði til þess að ég átti mig betur á þeim málaflökkum sem unnið er að í stjórninni. Svo verður bara að koma í ljós hvort ég fái áhuga á að einbeita mér að sérstökum málefnum, segir hún.

### Fjölskyldan er líka áhugamál

Fyrir utan hestana snúast áhugamálin um fjölskylduna, segir hún. Elsta dóttirin, Lára Dagný, er átján ára og er farin að heiman og vinnur á leikskóla. Hún hefur mikinn áhuga á flestu sem snýr að börnum og ég gæti trúað að hún verði leikskólakennari. Yngri dóttirin heitir Hulda Hrönn er fjórtán ára og deilir hún brennandi áhuga á hestamennsku með mér. Litli púkinn á heimilinu er 12 ára og heitir Óli Rúnar og fótbolti er hans

helsta áhugamál. Hljómsveitin Ímynd er helsta áhugamál mannsins míns Sævars Björgvinssonar og eftir langar og strangar æfingar eru félagarnir sem skipa hana byrjaðir að spila á böllum. Aðspurð um hvort að hún eigi ekki erfitt með að yfirgefa hestana þegar heimferðin nálg-

ast, segir Sigurey að kveðjustundin sé afskaplega tilfinningarík. En við förum aftur norður í réttir og mér skilst að Sigurður Bessason, formaður Eflingar verði í sömu rétt og ég í Skaptatungu og það getur vel verið að ég bjóði formanninum á hestbak, sagði Sigurey að lokum.



[www.efling.is](http://www.efling.is)

### Skrifstofa Eflingar

## Viðtalstímar lögmanna á þriðjudögum



Anna Lilja Sigurðardóttir



Karl Ó. Karlsson

Lögmenn Eflingar-stéttarfélags eru til viðtals á þriðjudögum milli kl. 13.00-16.00. Það eru þau Karl Ó. Karlsson og Anna Lilja Sigurðardóttir frá LAG lögmenn sem sjá um viðtalstímana. Bæði er um það að ræða að þjónustufulltrúar vísa málum til lögmanna sem ræða síðan við félagsmennina á

þessum tíma ef þess gerist þörf. Einnig geta félagsmenn komið beint með erindi sín á skrifstofuna á þessum tíma án þess að panta tíma fyrirfram. Oftast er um að ræða mál sem snerta launa- og starfskjör en einnig veita lögmenn lagalega ráðgjöf í ýmsum öðrum málum.

[www.hrafnista.is](http://www.hrafnista.is)



Hrafnista Reykjavík – Hrafnista Hafnarfirði – Víflsstaðir, Garðabæ – Viðines Kjalarnesi

## Óskum eftir starfsfólki í framtíðarstörf

### Sjúkraliðar - starfsfólk í aðhlynningu

Hrafnista er vinnustaður í nágrenni við þig. Um er að ræða lærdómsrík og áhugaverð störf þar sem starfað er með fólki sem veitir nýja sýn á lífið og tilveruna.

Upplýsingar gefur:  
Magnea, sími: 585 9529  
[hrafnista@hrafnista.is](mailto:hrafnista@hrafnista.is)



**HRAFNISTA**

Reykjavík | Hafnarfjörður | Víflsstaðir | Viðines

Góð og traust atvinna í boði



Theodóra stígur dans með vinkonum sínum á Grund í blíðskaparveðri í júlí...

Ný í stjórn Eflingar

## Fræðslumálin efst í huga

- segir Theodóra Theodórsdóttir

Theodóra Sigríður Theodórsdóttir segir að starfið á Grund byggist mikið á að vinna með heimilisfólkinu eftir skipulagðri dagskrá með ýmsum skemmtilegum uppákomum. Oft fer mikilli tími í heimsóknir á herbergin og spjalla við fólkið og aðstoða þá sem þess óska. Ef veðrið er gott sé líka góð tilbreyting að bregða sér út á stétt með heimilisfólkinu og þau dansi saman við undirspil harmonikkuleikara.

Theodóra tók sæti í stjórn Eflingar á aðalfundi í vor en hún er enginn nýgræðingur í félagsmálum, hefur verið trúnaðarmaður, á sæti í trúnaðarráði félagsins og hefur verið í samninganefndum og gengt fleiri störfum fyrir Eflingu. Það er forvitnilegt að vita svolítið um ævi hennar og uppruna og hvað hún hefur haft fyrir stafni síðustu árin.

Theodóra er fædd í Stykkishólmi en ólst upp á Skógarströnd og hóf skólagöngu í

**Ég hlakka til að hefja störf í stjórninni aftur í haust eftir að sumarfríum lýkur**

Grundarfirði þegar hún var sex ára. Hún bjó síðan á nokkrum stöðum á landsbyggðinni þegar fjölskyldan flutti frá Skagaströnd m.a. í Vestmannaeyjum í nokkur ár. Árið 1991 fór hún til Reykjavíkur og bjó þar í þrjú ár og kynntist þá einmitt starfinu á Hjúkrunarheimilinu Grund. Þaðan flutti hún svo til Þingeyrar og vann ýmis störf og stofnaði heimili og eignaðist tvö yndisleg börn, stúlku sem er að verða 13 ára og heitir Halldóra Rán og dreng sem er 10 ára og heitir Þórarinn Vignir. En aðstæðurnar fyrir vestan breyttust og hún flutti aftur í bæinn árið 2001 og fékk vinnu á sínum gamla vinnustað Grund.

Þegar haft var samband við hana í vetur og henni boðið að taka sæti í stjórninni tók hún sér smá umhugsunarfrest en ákvað síðan að taka boðinu. Ég er trúnaðarmaður á mínum vinnustað og er í trúnaðarráði og hef tekið þátt í störfum samninganefnda og fleiri störfum fyrir félagið og það var kannski ástæðan fyrir því að leitað var til mín. Hún hefur þegar setið tvo stjórnarfundir og fengið smá innsýn á starfið sem þar fer fram og segir að sér hafi litist vel á það sem hún heyrði og sá á fundinum.

Ég hlakka til að hefja störf í stjórninni aftur í haust eftir að sumarfríum lýkur, segir hún. Þegar Theodóra er spurð um málaflokka sem hún hafi áhuga á segir hún að fræðslumálin séu henni efst í huga. En svo geta fleiri málaflokkar bæst við þegar ég er búin að setja mig betur inn í störf stjórnarinnar.

Aðspurð um áhugamál segir Theodóra að þau snúist aðallega um börnin og vinnuna og henni finnst líka gaman að læra. Ég var í fjarnámi í Fjölbrotarskóla um tíma og það er aldrei að vita nema ég byrji aftur í því námi. Svo reyni ég að ferðast um landið með börnunum mínum þegar tækifæri gefst, sagði Theodóra að lokum.



# Það þarf engin töfrabrögð til að tvöfalda lífeyrissparnaðinn!

Leggðu heldur fyrir í séreignarsjóð og þá mun launagreiðandinn greiða sömu upphæð á móti og þar með tvöfaldast sparnaðurinn þinn strax



Ef þú leggur fyrir **2% af launum þínum** í séreignarsjóð færðu sjálfkrafa jafnhátt **mótframlag frá launagreiðanda** þínum.

Hafðu samband í síma 515 4700 til að fá nánari upplýsingar.



Gildi var valinn besti lífeyrissjóðurinn á Íslandi þrjú ár í röð, 2005, 2006 og 2007 af tímaritinu IPE





## UMSÓKN OG SAMNINGUR UM SÉREIGNARSPARNAÐ Í SÉREIGNARSJÓÐI GILDIS

Ég undirrituð/aður sækir hér með um aðild að Séreignarsjóði Gildis og óska eftir samningi um séreignarsparnað í samræmi við skilmála á bakhlið umsóknareyðublaðs þessa sem ég sætti mig við að öllu leyti. Með undirritun minni á umsókn þessa og staðfestingu Séreignarsjóðs Gildis telst vera kominn á samningur milli mín sem rétthafa og Séreignarsjóðs Gildis sem vörsluaðila í samræmi við skilmála samningsins.

Umsækjandi (rétthafi):

|         |           |
|---------|-----------|
| Nafn    | Kennitala |
| Heimili | Póstnúmer |

Ég undirrituð/aður skuldbind mig til að \_\_\_\_\_ % af heildarlaunum mínum verði greidd mánaðarlega til Séreignarsjóðs Gildis inn á séreignarreikning minn hjá sjóðnum.

Iðgjald sem nemur að hámarki 4% af iðgjaldastofni er undanþegið tekjuskatti. Skriðu umsækjandi ekki inn neina % í þennan reit er lítið svo á að hann óski eftir því að greiða 4%.

Umsækjanda er heimilt að greiða ákveðna krónutölu mánaðarlega til séreignarsparnaðar í stað ákveðinnar % tölu af heildarlaunum. Ef sú leið er valin skal tilgreina þá upphæð hér \_\_\_\_\_ kr.

Ég óska eftir því að launagreiðandi minn haldi eftir af launum mínum við hverja útborgun og skili til Séreignarsjóðs Gildis í samræmi við ákvæði samnings þessa.

Launagreiðandi:

|         |           |
|---------|-----------|
| Nafn    | Kennitala |
| Heimili | Póstnúmer |

Ég undirritaður óska eftir því að séreignarsparnaður minn verði ávaxtaður í:

- ☐ **Framtíðarsýn 1**  
Skuldabréf 65%  
Hlutabréf 35%
- ☐ **Framtíðarsýn 2**  
Skuldabréf 80%  
Hlutabréf 20%
- ☐ **Framtíðarsýn 3**  
Bundinn  
innlánsreikningur

Rétthafi getur flutt sparnað sinn milli safna með skriflegri beiðni þar um.

Samningur þessi er gerður samkvæmt heimildum í lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og samkvæmt samþykktum Gildis - lífeyrissjóðs.

Undirskrift umsækjanda

Staður og dagsetning

Undirskrift vottar og kennitala

Staðfesting Séreignarsjóðs Gildis

Staður og dagsetning

Undirskrift vottar og kennitala

Vinsamlega sendu samninginn undirritaðan til Séreignarsjóðs Gildis, Sætúni 1, 105 Reykjavík. Sjóðurinn mun senda þér staðfest ljósrít af samningnum og tilkynna launagreiðanda um hann.




Þú lærir það hjá Eflingu

# Kanntu að versla á netinu?

Langar þig að kaupa flugfarið á netinu og panta hótélherbergi líka? Ert þú að missa af besta verðinu vegna þess að þú verður að kaupa í gegnum netið en hlutirnir eru dýrari ef þú ferð á staðinn? Langar þig en þú þorir kannski bara ekki að taka áhættuna? Það er hægt að læra þetta líka og bæði hugsanlega spara og æfa sig í tölvutækni um leið.

Nú í vetur ætlar Efling í samstarfi við Mími að bjóða upp á stutt námskeið þar sem farið er yfir þessa hluti ásamt því sem þarf að hafa í huga varðandi öryggisatriði þess að stunda viðskipti og annað þess háttar þegar verslað er á netinu.

Allar nánari upplýsingar er að finna á skrifstofu Eflingar í síma 510-7500.



Fjölbrautaskólinn  
í Breiðholti

## Kvöldskóli FB

Félagsgreinar - Íslenska - Sagnfræði - Listir - Handíðir - Snyrtifræði  
Rafiðnir - Raungreinar - Stærðfræði - Sjúkraliðagreinar - Tréiðnir  
Tungumál - Tölvugreinar - Viðskiptafræði

[www.fb.is](http://www.fb.is)



Hratt flýgur stund

## Reykjavíkurborgin á níunda áratugnum

Umhverfi Reykjavíkurborgar þar sem höfnin og miðbærinn voru áður fyrr eini miðpunktur borgarinnar hefur verið mikið til umræðu að undanfögnu. Ekki síst vegna skipulagsmála og samspili eldri og yngri bygginga á svæðinu. Borgin okkar hefur sannarlega breyst mikið undanfarna áratugi en samt má segja að hjarta mannlífsins slái jafnan hraðast við höfnina. Þetta má m.a. sjá á gömlum myndum sem Hjalmarfríður Þórðardóttir hefur dregið fram úr myndasafni Eflingar og sýna vel byltinguna frá fyrri tíð.

Höfnin er svo gjörbreytt að gamlir Reykvíkingar og nærsveitamenn verða að eyða góðri stund á Gestastofunni á

IV hæð að Hafnarstræti 20 til að átta sig á aðstæðum. Þar eru allar upplýsingar um Tónlistarhöllina sem er í byggingu og útsýni er gott þarna í stofunni og kaffið er ljómandi.

Á Austurbakkanum sjást rauðar byggingar, rauðir gámar og rautt skip. Þetta er Hafskip. Áður hét þar Faxaskáli I og II og allar byggingar bláar og hvítar í litum Eimskipafélagsins sem byggði Faxaskálana og hafði mikil umsvif á staðnum.

Hafskip var vinsæll vinnustaður og starfsmenn fyrirtækisins tóku nærri sér hvernig farið var með það.

Á myndinni sýnist Fiskverkun Jóns Ásbjörnssonar standa á steyptri plötu úti í sjó og gerir það reyndar. Þarna eru löngu komnar miklar uppfyllingar og stór plön.

Margir geta séð þarna sína gömlu vinnustaði: Stálsmiðjuna, Hraðfrystistöðina, Héðin, Bæjarútgerðina, Slippinn í Reykjavík og marga fleiri. Flestir gömlu vinnustaðirnir þar sem hin stóru og öflugtu hjól atvinnulífsins gengu dag og nótt, eru nú að mestu horfnir. En fyrst og fremst er þetta fróðleg mynd til að sýna okkur hve stundin flýgur hratt og breytingar eru örur í borginni við sundið.





Sögulegur knattspyrnuleikur

## Ellert í hörðum slag

Þessi mynd er tekin á Laugardalsvelli og er söguleg að því leyti að hér fer fram fyrsti Evrópuleikur íslenskra félagsliða

þegar KR lék gegn Liverpool sumarið 1964. Á myndinni má sjá frá vinstri varnarmenn KR, Ellert B. Schram,

Hörð Felixson, Þorgeir Guðmundsson, Gísli Þorkelsson, markvörð, Þórð Jónsson og Hreiðar Ársælsson.



FJÖLBRAUTASKÓLINN  
VIÐ ÁRMÚLA

## Yfir 100 áfangar í boði

**Skráning í fjarnám á haustönn 2008**

29. ágúst til 7. september á heimasíðu fjarnáms: [www.fa.is/fjarnam](http://www.fa.is/fjarnam)

Þrjár annir: vor – sumar og haustönn

Fjölbrautaskólinn við Ármúla, Ármúla 12, 108 Reykjavík [www.fa.is](http://www.fa.is) Sími: 5814022



Nám fyrir öryggisverði hefst 2. september

## Miklar væntingar

- segir Sveinn Aðalsteinsson hjá Starfsaflí

„Það eru miklar væntingar meðal starfandi öryggisvarða til þessa nýja náms og öryggisfyrirtækin hafa verið mjög áhugasöm um að koma þessu námi á fót fyrir sína menn“ sagði Sveinn Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri Starfsafls sem veitt hefur nýju námi fyrir öryggisverði forystu frá byrjun. „Við fengum góðan stuðning frá Starfsmenntaráði til verkefnisins og allir aðilar hafa sýnt verkefninu mikinn áhuga. Efling hefur sýnt miknið frumkvæði í þessu ferli og bakkad upp verkefnið á kröftugan hátt“ sagði Sveinn.

Nám fyrir starfandi öryggisverði hefst 2. sept. nk. á vegum Mímis-símenntunar. Undirbúningur hefur staðið í meira en ár og verður námið kennt samkvæmt nýrri námskrá Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins sem meta má til eininga á framhaldsskólastigi. Starfsafl hefur séð um verkefnisstjórn en Efling, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Securitas og Öryggismiðstöðin o.fl. hafa tekið þátt í að móta verkefnið ásamt Starfsaflí. Námið er um 300 kennslustundir og er dreift á 3 annir.

Markmið námsins eru að starfsmaður verði fær um að sinna öryggisgæslu á faglegan og tryggan hátt með fyrirbyggjandi eftirliti og viðeigandi viðbrögðum þannig að hann auki öryggi borgara og varðveislu verðmæta. Námið er ætlað þeim sem starfa við öryggisvörslu sem felst í almennu fyrirbyggjandi eftirliti og viðbrögðum við hættuástandi ýmist með staðbundnu eftirliti, farangræslu eða eftirliti frá stjórnstöð. Starfssviðið nær yfir vöktun heimila, bygginga, opinna og lokaðra svæða, öryggiskerfa og fyrirtækja.

Starfsgreinin er ung og hefur hlutverk starfsmanna öryggisfyrirtækja og menntun þeirra lítið verið skilgreind í lögum. Fyrirtæki í öryggisvörslu vinna samkvæmt starfsleyfi frá dómsmálaráðuneyti og ber fyrirtækjunum að sjá til þess að starfsmenn þeirra fái fullnægjandi uppfræðslu og þjálfun. Þessu hafa fyrirtækin sinnt vel, hvert fyrir sig, en nú telja menn að þörf sé á samræmdri þjálfun þannig að starfið fái meiri viðurkenningu í samfélaginu, allt eftir því sem kröfur til öryggisvarða aukast. Þess má geta að farið verður af stað með nýtt námskeið í byrjun janúar 2009 og síðan á hverri önn meðan eftirspurn er eftir náminu.

## Meirapróf – Nýir tímar

Nýlegir kennslubílar sem uppfylla  
Euró 2 mengunarstaðal, lærðu í nútímanum



Upplýsingar og innritun í síma 567 0300

Ný námskeið hefjast mánaðarlega



Sumarvinna í Fossvogskirkjugarði

# Launin nokkuð góð

- segir Dagur Ingólfsson



Dagur Ingólfsson er 17 ára og byrjar í Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi í haust. Hann sótti nám í Fjölbrautaskólanum í Ármúla í vetur en foreldrar hans fluttu á Stokks-eyri nýlega og hann mun búa þar í vetur. Aðspurður um sumarvinnuna segir Dagur að hún snúist að mestu um að hreinsa leiðin, gróðursetja ný blóm og snyrta umhverfið næst þeim. Svo þarf stundum að lyfta legsteinum og sinna öðrum verkum sem til falla, segir hann. Launin eru nokkuð góð miðað við vinnutímann og álagið sem fylgir starfinu.

Vinnan hefst klukka átta á morgnana og lýkur klukkan fjögur síðdegis alla virka daga. Þegar Dagur er spurður hvað verði um launin segist hann stefna að því að safna peningum fyrir veturinn en það gangi ekki alltof vel. Ætli ég reyni ekki að fá vinnu um helgar í vetur með skólanum.

## Vinn með skemmtilegum krökkum



Una Jónsdóttir liggur á hnjónum og vökvar blóm á leiði þegar okkur ber að garði. Hún sagðist vinna við að tyrfa og hreinsa leiðin svo þau verði

falleg þegar aðstandendur koma í heimsókn. Hún tekur í sama streng og Dagur um launin sem hún er alveg sátt við.

Ég vinn líka með skemmtilegum krökkum og veðrið hefur verið mjög gott þannig að þetta gæti ekki verið betra segir hún. Una er á leið í sjötta bekk í MR í haust og stefnir á stúdentspróf næsta vor. Námið hefur gengið nokkuð vel og segir hún stúdentshúfuna blasa við næsta vor.

Una segir að launin dugi ekki alveg yfir veturinn og hún verði að vinna með skólanum í vetur. Það hefur hún gert áður en hætti því þegar námið fór að þyngjast og hún segist tilbúin að gera það aftur ef þörf er á. Aðspurð um hvort að hún fari í sumarfrí segist Una fara í tveggja vikna útskriftarferð til Grísku eyjarinnar Rhodos. Um tvö-hundruð nemendur úr mínum árgangi eru í hópnum og það verður mikið stuð í ferðinni segir hún. Reyndar voru skógareldar þar um daginn og stór jarðskjálfti. En það kom fram í fréttum að Íslendingarnir sem voru þar á sama tíma hefðu ekki orðið varir við þessar náttúruhamfarir, þannig að við ættum að vera á öruggu svæði, sagði Una og brosti.



Trúnaðarmenn Eflingar

## Spennandi fræðsla í boði

Trúnaðarmannanámið orðið einingabært

Trúnaðarmenn Eflingar eru einn mikilvægasti hlekkurinn í starfi Eflingar. Það reynir oft á trúnaðarmenn í starfi og þess vegna hefur félagið kappkostað að bjóða þeim uppá fyrsta flokks fræðslu þar sem tekið er á grundvallarþáttum vinnumarkaðarins. Trúnaðarmannanámskeið I og II eru vikunámskeið sem allir trúnaðar-

menn eru hvattir til að sækja. Trúnaðarmenn eiga samningsbundinn rétt til að sækja þessi námskeið án launskerðingar en þurfa að sjálfsögðu að sækja námskeiðin í samráði við yfirmann sinn.

Mikilvægur áfangi náðist síðasta vor fyrir trúnaðarmenn. Nú eru trúnaðarmannanámskeiðin metin til eininga í framhaldsskóla og nýtast því einstaklingum með beinum hætti ef þeir hyggja á nám.

### Trúnaðarmannanámskeið I

Trúnaðarmannanámskeið I verður haldið 24.-28. september og 19.-23. nóvember. Á þessu námskeiði er farið í starf og hlutverk trúnaðarmannsins

samkvæmt lögum og samningum ásamt því sem farið er í starfsemi stéttarfélaga, hlutverk þeirra og viðfangsefni.

### Trúnaðarmannanámskeið II

Trúnaðarmannanámskeið II verður haldið þann 22.-26. nóvember fyrir þá trúnaðarmenn sem hafa lokið trúnaðarmannanámskeiði I. Á þessu námskeiði er farið dýpra í starf verkálýðshreyfingarinnar ásamt því sem hagfræðihugtök eru skýrð og farið nánar í almennan vinnurétt og samskipti á vinnustað.

Námskeiðin eru haldin í fræðslusetri Eflingar að Sætúni 1, 4. hæð. Skráning og nánari upplýsingar er hægt að fá á skrifstofu Eflingar í síma 510-7500.

**Nú eru trúnaðarmannanám-  
skeiðin metin til eininga  
í framhaldsskóla og nýtast  
því einstaklingum með  
beinum hætti ef þeir hyggja  
á nám**



# Ertu stundum að hugsa um hvernig lífið væri ef...?

## Upplýsingar og ráðgjöf fyrir fólk á vinnumarkaði


**Gera breytingar**

**Styrkja stöðu á vinnumarkaði**

**Skoða námsmöguleika**

**Uppgötva nýja hæfileika**

**Læra eitthvað nýtt**




**Útbúa ferilskrá**



Ræddu hugmyndir þínar við náms- og starfsráðgjafa þér að kostnaðarlausu. Viðtalspantanir í síma 580 1800 eða á [radgjof@mimir.is](mailto:radgjof@mimir.is)

  
**MÍMIR**  
símenntun



Viljum við innihaldsríkara líf?

## Byrjum á að ræða málið

Viðtölin kosta ekkert

Lífið er oft röð tilviljana og margt hefur áhrif á hvernig starfsferillinn þróast. Stundum vakna upp spurningar eins og þessar:

- Langar mig að læra eitthvað meira eða eitthvað nýtt?
- Er ég ánægð/ur í vinnunni?

- Er ég ánægð/ur með það sem ég geri í frístundum?
- Langar mig að breyta til?

Það er samt alls ekki auðvelt að taka nýja stefnu í lífinu og t.d. hefja nám til að styrkja sig sem persónu eða í vinnunni. Sérstaklega á það við ef sama

starfi hefur verið sinnt lengi og lítið framboð hefur verið á þróun í sambandi við það.

Sífelld fjölgar þó þeim sem vilja fá upplýsingar um hvað er í boði og hvaða tækifæri bjóðast. Möguleikunum á námi og námskeiðum fyrir fólk á vinnumarkaði hefur fjölgað hratt á síðustu árum. Nám sem hægt er að stunda með vinnu, fjarnám, mat á raunfærni og aðrir möguleikar hafa litið dagsins ljós.

Það er ekki auðvelt fyrir hvern og einn að hafa heildarsýn yfir alla þessa möguleika og átta sig á hvað hentar honum eða henni best. Til að ræða málín er hægt að fá viðtal hjá náms- og starfsráðgjafa hjá Mími símenntun í Skeifunni 8. Viðtölin kosta ekkert.

Þú getur pantað tíma - í síma: 580-1817 - 580-1818 - 580-1820 eða 580-1829. Einnig má hafa samband í gegnum netfangið [radgjof@mimir.is](mailto:radgjof@mimir.is)

## Meðlagsgreiðendur

Meðlagsgreiðendur, vinsamlegast  
gerið skil hið fyrsta og forðist  
vexti og kostnað.



**INNHEIMTUSTOFNUN SVEITARFÉLAGA**

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Kt. 530372-0229 • [www.medlag.is](http://www.medlag.is)  
Banki 0111-26-504700 • Sími 590 7100 • Fax 590 7101





Er eitthvað athugavert við

# Verðkannanir ASÍ?

spyr Þráinn Hallgrímsson

Síðustu vikur hefur framkvæmdastjóri Haga farið mikinn gegn verðkönnunum ASÍ og fundið þeim allt til foráttu. Niðurstöður ASÍ sýndu á sínum tíma að virðisaukaskattslækkunin skilaði sér ekki í vöruverði hjá verslunum 10 -11og þá kallaði fyrirtækið til dómkvadda matsmenn til að leggja mat á hvort lækkunin hefði skilað sér. Þegar niðurstaða þeirra, byggð á rafrænum gögnum frá fyrirtækinu sjálfu lá fyrir, töldu Hagar það vera sönnun þess að niðurstöður ASÍ um að skattalækkunin hefði ekki skilað sér í verðlaginu væri röng. ASÍ hefur margbent á að þessar niðurstöður segi ekkert um verðkannanir Alþýðusambandsins. Allt þetta mál nú rifjar upp hvernig staðið hefur verið að verðkönnunum allt frá þjóðarsáttinni frá 1990. Þá var talsverð samstaða um það milli samtaka atvinnurekenda og stéttarfélaganna að sýna verðlagi aðhald með stöðugu verðlagseftirliti og haldgóðum upplýsingum til neytenda. Síðan þá virðast samtök stórra verslanakeðja hafa stöðugt sótt að óháðum verðkönnunum en krafa þeirra nú er að þessar kannanir verði færðar frá ASÍ til óháðra, opinberra aðila. Ljóst er að ef orðið verður við þessari kröfu, þá er þetta aðhald að versluninni endanlega

**Ljóst er að ef orðið verður við þessari kröfu, þá er þetta aðhald að versluninni endanlega úr sögunni**

úr sögunni. Hér á eftir er brugðið ljósi á sögu verðlagskannana síðustu árin.

## Mikið aðhald á þjóðarsáttartíma

Mikið aðhald var gagnvart hækkunum á verðlagi og þjónustu eftir þjóðarsáttina sem gerð var árið 1990. Verkalýðsfélögin um allt land tóku upp virkt verðlagseftirlit og þáverandi Vinnuveitendasamband stóð með launafólki um mikilvægi virks verðlagseftirlits. Neytendasamtök in tóku einnig þátt í þessu aðhaldi með könnunum á sínum vegum og í samstarfi við verkalýðsfélögin. Kannanir á vöruverði, sérstaklega í matvöruverslunum var birt oft vikulega og verðlagsfulltrúar heimsóttu verslanir og fólk tilkynnti um það sem það taldi vera óeðlilegar hækkunir á vöru og þjónustu. Að sumu leyti var auðveldara um vik þar sem verð á búvörum hafði verið fryst, samkomulag var um lækkun vaxta og um að draga úr verðhækkunum á opinberri þjónustu. Það var samt þannig að forsvarsmenn

einstakra verslana voru mjög óhressir ef þeir komu illa út í könnunum eða það kom fram að þeir höfðu hækkað verð óeðlilega.

## Samstarf verkalýðsfélaganna og Neytendasamtakanna

Upp úr þessum jarðvegi spratt samstarf stéttarfélaganna og Neytendasamtakanna og voru ráðnir starfsmenn og sett upp verðlagseftirlit á vegum þessara aðila með stuðningi ASÍ á tímabilinu 1998-2000. Segja má að allan tímann sem þetta verðlagseftirlit var starfandi hafi stóru verslunarkeðjurnar haft horn í síðu þessa starfs og þegar smávægileg mistök voru gerð í könnun árið 2000, hófst mikil áróðursherferð sem minnir mjög mikið á það sem nú er að gerast af hálfu Haga gagnvart verðkönnunum ASÍ. Á þessu síðasta ári samstarfsins ákváðu stéttarfélagin og ASÍ að slíta samstarfinu enda var þá í sjónmáli stuðningur stjórnvalda við Alþýðusambandið um að ASÍ myndi taka að sér þessa þjónustu.

## Andstaðan ekkert nýtt

Andstaða stóru verslanakeðjanna er því ekkert nýtt. Þær hafa leynt og ljóst unnið gegn óháðum könnunum í meira en áratug. Staðreyndin er sú að þær vilja ekki að óháðir aðilar á vegum neytendasamtaka eða stéttarféлага og samtaka þeirra fylgist með verðlagi í verslunum. Þeir vilja einfaldlega geta stjórnað verðmynduninni sjálf.

## Krafan um að opinberir aðilar sjái um verðkannanir

Nú er krafa Haga sú að ríkið hætti stuðningi við Verðlagseftirlit ASÍ og það verði fært undir opinbera stofnun. Hagstofan hefur verið nefnd í því sambandi. Ljóst er að þetta er krafa um að kraftmikið og skilvirkt verðlagseftirlit af hálfu neytenda verði úr sögunni. Fullyrða má að opinber stofnun mun ekki geta sinnt þessu hlutverki og má færa margvíslega rök fyrir því. Mikilvægt er að ASÍ slaki ekki á þeirri stefnu sem sambandið hefur unnið á undanförunum árum með góðu starfi í þessum málaflokki. Vonandi lætur núverandi viðskiptaráðherra ekki glepjust af áróðri stóru verslanakeðjanna og stendur við bakið á neytendum og launafólki í þessu efni.

*Höfundur er skrifstofustjóri Eflingar og tók þátt í stýrihópi verðlagseftirlits stéttarfélaganna og Neytendasamtakanna sem vísað er til í þessari grein*



Námið í matartækni

## Aukin starfsgleði og meiri færni í starfi

- segir Ásgerður Þórey Gísladóttir

Margrét Friðriksdóttir, Skólameistari MK afhendir Ásgerði Gísladóttur viðurkenningarskjal fyrir þátttöku á fagnámskeiði II

Ásgerður Þórey Gísladóttir segir að fagnámskeiðin hafi komið að miklum gagni í störfum sínum og þar vegi þyngst næringarfræðin og matreiðslan. En aðrar námsgreinar eru líka mikilvægar og mér finnst framkvæmd námsins og val á námsefni henta mjög vel fyrir þennan hóp, segir hún.

**Námið varð til að hækka launin og hvatti hana til að halda áfram námi**

Aðspurð um starfið segist Ásgerður sjá um salatbarinn og elda hádegismatinn og fljótlega eftir að fyrsta fagnámskeiðið byrjaði segist hún hafa fundið að færni sín í starfi hafi aukist og starfsgleðin sömuleiðis og þannig var það allan námstímann, bætir hún við. Námið hafi síðan orðið til þess að launin hennar hafi hækkað og það hafi hvatt sig til að halda áfram í námi. Samnemendur mínir og kenn-

ararnir voru frábærir og þau eiga líka stóran þátt í því að ég ákvað að fara í matartækninámið, sagði Ásgerður og hamingjubrosið leyndi sér ekki.

*Ásgerður Þórey Gísladóttir hefur lokið fagnámskeiðum I, II og III og er í hópi 15 félagsmanna Eflingar sem hefja nám í matartækni í haust. Hún hefur unnið í mótuneytum í sjö ár og undanfarin þrjú ár í Heilsugæslunni í Mjódd í Breiðholti.*

### Hvað veistu um launaviðtöl?

Veistu að ef þú ert starfandi á almennum vinnumarkaði þá átt þú rétt á viðtali við yfirmann þinn einu sinni á ári um störf þín þar með talið um frammistöðu og markmið og hugsanlegar breytingar á launum og starfskjörum þínum?

### Fyrirvaralaus uppsögn

Hafið samband samdægers!

Mikilvægt er að starfsmaður sem er rekinn úr starfi eða sagt upp að hann geri þegar í stað kröfu um að fá afhent uppsagnarbréf.

Þeir starfsmenn sem er sagt upp eiga að hafa samband við félagið strax sama dag annars eru þeir sennilega að tapa launum í uppsagnarfresti.





# Hauströnn 2008

Fjölbreytt námskeið í boði:

Tungumál

Íslenska fyrir útlendinga

Nauka jezyka islandzkiego dla  
obcokrajowcow

Icelandic for foreigners

Tölvunámskeið

Förðunarnámskeið

Garðyrkjunámskeið

Verklegar greinar

Saumanámskeið

Matreiðslunámskeið

[kvoldskoli@kopavogur.is](mailto:kvoldskoli@kopavogur.is)

## Þekking Menntun Fræðsla

Auktu við þekkingu þína á  
skjótan og skemmtilegan hátt

Innritun og upplýsingar  
í síma 564 1507,  
á vef skólans og á skrifstofu  
Kvöldskólans í Snælandsskóla  
við Furugrund.

**Verið velkomin!**



<http://kvoldskoli.kopavogur.is>

©Fjalitá Einn ehf 08/ 2008



**Efling-stéttarfélag vinnur fyrir þig**

*- Sterkari saman!*

Efling-stéttarfélag • Sætún 1 • Sími 510 7500 • Fax 510 7501 • [www.efling.is](http://www.efling.is)



*- stendur með þér*

Ertu að hætta að vinna?

# Loksins komið að árunum okkar!



Hvað tekur við þegar maður hættir að vinna? Það eru margir sem uppgötva það að jafnvel miklu skemmtilegra líf tekur við, sérstaklega ef heilsan er í lagi og áhugamálin hafa verið ræktuð í tímans rás. Í fjölda ára hefur Efling-stéttarfélag boðið upp á námskeið fyrir félagsmenn þar sem farið er yfir allt milli himins og jarðar þegar árin okkar taka við. Þessi námskeið hafa mælst mjög vel fyrir og nú er komið að því að bjóða upp á námskeið á haustönn.

Helstu atriði sem farið er yfir eru tryggingamál, lífeyrisréttindi, áhrif starfsloka, heilsufar, öryggismál, húsnæðismál og félags- og tómstundastarf þegar fólk er hætt á vinnumarkaði.

Áhugasamir félagsmenn eru hvattir til að skrá sig á námskeiðið hjá Eflingu í síma 510 7500.

## Ýmsir styrkir Sjúkrasjóðs

| Styrkur:                                                                                              | Hámark:       | Hlutfall  | Hve oft?                 | Skilyrði                                               | Nauðsynleg gögn:                                    |
|-------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------|-----------|--------------------------|--------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------|
| Krabbameinsskoðun gunnskoðun                                                                          | 3.000,-       | Hám. 100% | 2 x á hverjum 12 mán.    | 3ja mán. iðgjöld a.m.k. 3.000,-                        | Kvittun til Eflingar. Skrá bankauppl. og símanúmer  |
| Heilsuefling (líkamsrækt)                                                                             | 12.000,-      | Hám. 50%  | 1x á hverjum 12 mán.     | 6 mán. samfelld greiðsla                               | Frumrit af kvittun og ljósrit af síðasta launaseðli |
| Gleraugnastyrkur                                                                                      | 10.000,-      | Hám. 50%  |                          |                                                        |                                                     |
| Námskeið til að hætta reykingum                                                                       | 10.000,-      | Hám. 100% |                          |                                                        |                                                     |
| Krabbameinsskoðun framhaldsskoðun                                                                     | 5.000,-       | Hám. 100% |                          |                                                        |                                                     |
| Hjartavernd - áhættumat                                                                               | 6.500,-       | Hám. 100% |                          |                                                        |                                                     |
| Sjúkra og endurhæfing (sjúkrabjálfun, sjúkranudd, heilsunudd, iðjubjálfun, talþjálfun og kiropraktor) | 1.500,-       | Hám. 75%  | 25x á hverjum 12 mán.    | 6 mánaða samfelld greiðsla og kostnaður yfir 50.000,-  | Ljósrit af kvittun og síðasta launaseðli            |
| Dvöl á Heilsustofnun í Hveragerði                                                                     | 1.500,- á dag | Hám. 50%  | 42 d.á hverjum 12 mán.   |                                                        |                                                     |
| Viðtalsmeðferð (sálfræði, geðhjúkrun, félags- og fjölskylduráðgjafi)                                  | 3.000,-       | Hám. 50%  | 15x á hverjum 12 mán.    |                                                        |                                                     |
| Viðtalsmeðferð SÁÁ/Matarfíkn MFM                                                                      | 500,-         | Hám. 50%  | 25x á hverjum 12 mán.    |                                                        |                                                     |
| Greining lesblindu                                                                                    | 15.000,-      | Hám. 50%  | 1x                       |                                                        |                                                     |
| Göngugreining (greiningin sjálf)                                                                      | 3.500,-       | Hám. 100% | 1x                       |                                                        |                                                     |
| Heyrnartækjastyrkur                                                                                   | 25.000,-      |           |                          | 6 mánaða samfelld greiðsla og kostnaður yfir 100.000,- |                                                     |
| Laser augnaðgerð                                                                                      | 25.000,-      |           | 2x (einu sinni per auga) | 6 mánaða samfelld greiðsla og kostnaður yfir 100.000,- |                                                     |
| Glasa og tæknifrjógvun                                                                                | 50.000,-      |           | 2x                       | 6 mánaða samfelld greiðsla og kostnaður yfir 100.000,- |                                                     |
| Ættleiðing erlendis                                                                                   | 100.000,-     |           | 1x                       | 6 mánaða samfelld greiðsla og kostnaður yfir 300.000,- |                                                     |





Starfsmenn á Heiðarborg

## Fróðleg námsferð til Berlínar

- segir Þórhildur Svavarsdóttir

Í lok aprílmánaðar fóru fimmtán starfsmenn á Leikskólanum Heiðarborg í námsferð í Skógar skóla og Waldorfskóla til Berlínar og kynntu sér leikskóla sem vinna með Kneippaðferðina. Meðal þátttakenda voru átta félagsmenn Eflingar og við báðum Þórhildi Svavarsdóttur, leiðbeinanda um að segja okkur frá því helsta sem fyrir augu og eyru þátttakenda bar í ferðinni. Hún segir ferðina hafa verið mjög fróðlega og skemmtilega.

Hún sagði að hópurinn hefði byrjað á því að heimsækja leikskóla sem vinnur eftir hugmyndafræði Kneipps. Hún byggir á fimm megin þáttum sem eru jafnvægi sálar og líkama, vatn, hreyfing, holl næring og jurtir. Til þess að ná þessum markmiðum séu börnin m.a. látin standa í köldu vatni, syngja stutt lag og stíga takt. Síðan er þeim lyft upp úr kerinu og þau strjúka af sér vatnið og fara í skóna. Að því loknu eru þau látin hoppa til þess að þeim hitni og klæða sig svo í fötin og fara inná deild. Þar bíður þeirra líftill plastbali með steinum og skeljum í köldu vatn og börnin þvo hendur og handleggi í balanum. Börn á aldrinum tveggja til þriggja ára fara í gufubað einu sinni í viku í sjö til fimmtán mínútur eftir aldri og útisturtu á eftir.

### Áhersla á tónlist

Tónlistarkennsla er líka einu sinni í viku og við fylgdumst með kennslustund með börnum sem voru þriggja og hálf og fjögurra ára, segir hún. Þórhildur segir að Þrjúhundruð leikskólar í Þýskalandi starfi eftir hugmyndafræði Kneipps og 96 börn frá átta vikna til fimm og hálf árs séu á leikskólanum sem hópurinn heimsótti.

Starfsemin á leikskólanum hefst klukkan hálf sex á morgnana og starfinu lýkur um sex síðdegis. Hægt er að hafa börn í allt að tíu klukkustundir á dag en þá verða foreldrar að koma með staðfestingu frá vinnuveitanda um að þeir vinni langan vinnudag og þurfi á þessari þjónustu að halda.

### Jóga og sund í hverri viku

Starfsmenn eru fimmtán og þar af eru þrettán leikskólakennarar með framhaldsnám í Kneipp fræðum. Mjög góð aðstaða er fyrir leiki sem fela í sér hreyfingubæði innan húss og utan og börnin fara í jóga og sund í hverri viku og hjálpa til í matjurtargarði. Það sem kom okkur mest á óvart var hversu öguð börnin voru og í góðu jafnvægi og við vorum sammála um að einungis þrettán leikskólakennarar sem vinna vaktavinnu með níutíu og sex börnum hefðu náð mjög góðum árangri með störfum sínum.

Næst heimsótti hópurinn Skógarleikskóla sem er staðsettur í útjaðri skógar. Leikskólinn er opin frá hálf átta til hádegis yfir sumartíma en frá níu til eitt yfir vetrartíma og tuttugu og níu börn á aldrinum þriggja til sex ára eru vist þar. Þeim er skipt í tvo hópa þegar þau fara í skógin og tveir leikskólakennarar eru með einn hóp. En alls starfa fjórir leikskólakennarar með börnunum, tvær konur og tveir karlar.

### Viðfangsefni tengjast umhverfinu

Leiksvæðið er mjög stórt og allur búnadur í skóginum er settur upp og tekinn niður daglega og sérútbúinir vagnar eru notaðir til þess að flytja búnaðinn á milli staða. Börnin koma með nesti að heiman og í nestistímanum setjast þau á teppi undir segldúk sem er strengdur á milli trjáa og borði nestið sitt. Þórhildur segir að viðfangsefnin séu fjölbreytt og tengist umhverfinu. Börnin tálga með hnífum, saga, höggva, klifra í trjáum og skoða dýr og plöntur. Snæri eru líka mikið notuð til ýmissa leikja og þau mála hluti með litum úr plöntum sem þau finna í náttúrunni. Í samverustundum spjalla kennarar og börnin saman og fræðast um viðfangsefni sem upp koma hverju sinni. Þá er lesnar bækur og sungið. Mikill leikur einkennir starfsemina og ef börnin vilja ekki taka þátt í þeim af einhverjum ástæðum fá þau leyfi til þess að draga sig úr hópnum en samt þannig að þau séu í auglýsn kennara, segir hún

### Góðar fyrirmyndir

Að síðust heimsóttum við Waldorf leikskóla í Falkensee. Fyrsti leikskólinn með þessu nafni var stofnaður í Stuttgart árið 1919 fyrir starfsmenn Waldorf Astoria tóbaksframleiðandann. Á leikskólanum er tveir hópar með tuttugu börn á aldrinum þriggja til sex ára og einn hópur með tíu börn frá þriggja mánaða til þriggja ára. Starfið með börnunum byggir á þremur grunnatriðum, fyrirmynd, eftirhermu og skynfærum. Ungabörn læra málið með því að tala, sjá með því að horfa o.s.frv. Kennararnir sem hafa sérhæft sig í Waldorf kennslu þurfa þess vegna að vera góðar fyrirmyndir í návist barnanna og hafa það hugfast að þau herma eftir. Flest leikföng sem eru notuð á leikskólanum eru unnin með handverkfærum og eingöngu notaður lifandi efniviður. Leikföng sem skemmast eru löguð og engu er hent.

### Framhald á blaðsíðu 55



Hér má sjá verkefnisstjórnarmann Melson að störfum með þátttakendum á einu af mörgum námskeiðum sem SAM gengst fyrir í Tamil Nadu héraði á Indlandi.

**Efling vinnur með stéttlausum á Indlandi**

# Framlag Eflingar mjög mikilvægt

- segir Melson, verkefnisstjóri SAM

Það er mikil ánægja með þetta verkefni af hálfu Social Action Movement á Indlandi, segir verkefnisstjórnarmann Melson hjá SAM á Suður Indlandi í bréfi til Eflingar nýlega. Hann þakkar sérstaklega fyrir veglegt framlag Eflingar sem hafi orðið til að styrkja uppbyggingu starfs meðal stéttleysis- ingja í Tamil Nadu Héraði á Suður Indlandi. Efling-stéttarfélag fram- lengdi síðastliðið sumar samninginn við Hjálparstarf Kirkjunnar og Social Action Movement sem hefur skilað svo góðum árangri. Meðal verkefna sem unnið hefur verið að á und- anförnum mánuðum er nýliðabjálfun leiðtoga stéttarféлага, námskeið í að byggja upp tryggingasjóði og starfs- kynningar fyrir 500 skólanemendur á svæðinu. Ýmis verkefni beinast sér- staklega að konum sem standa mjög höllum fæti á þessu svæði bæði hvað varðar þjóðfélagsstöðu og jafnrétti kynjanna.

## Troðið á rétti kvenna

Í þeim þætti sem snýr að leiðtogaþjálf- un innan stéttarfélaganna þarf að leggja mikla áherslu á jafna réttarstöðu karla og kvenna. Þessi fræðsla gengur meðal ann- ars út á að kynna lagaákvæði á Indlandi um erfða- og eignarétt karla og kvenna. Á þessu svæði þarf að gæta vel að rétt- indum kvenna t.d. til erfða á eignarlandi en tilhneiging er að taka réttindi ungra drengja fram yfir rétt stúlkna. Einnig er landlægt á þessum slóðum að ætlast er til þess að einungis konum fylgi heim- amundur við brúðkaup. Melson verk- efisstjóri segir að jafnréttið verði að byrja heima og mikilvægt að öll heim- ilisstörf séu unnin sameiginlega af eigin- konu og eiginmanni.

## Vistarböndin lifa á Indlandi

Það er margt líkt með ástandinu varð- andi réttindi launafólks og ríktu hér á landi áður en stéttarfélögin komu til

sögunnar fyrir aldamótin 1900. Vist- arbandið alræmda sem stórbændur og eignamenn notfærðu sér lengi vel á Íslandi, lifir ennþá á Suður Indlandi þó að sett hafi verið lög um það árið 1976. Á fræðslufundum er farið yfir það hvernig launafólk á að bregðast við vist- arbandinu og hvaða lágmarkskjör á að greiða öllum launamönnum og hvaða réttindi eiga ætíð að fylgja lágmarks- launakjörum.

## Menntunarstyrkir og menning- arstarf

Tryggingasjóðir styrkja launafólk á svæðinu til að afla sér menntunar en það er einnig skemmtileg fjölbreytni í starfi Social Action Movement. Þannig er t.d. boðið upp á þjálfun í ákveðnum þáttum menningar svo sem sönglist, götuleikhúsi, dónsum og ýmsum öðr- um menningarlegum þáttum í Suð- ur-Indlandi. Mikið er einnig lagt upp úr góðum lífsháttum á námskeiðum og



fræðslufundum SAM svo sem að forðast öll fíkniefni, að stunda vinnu og nám af samviskusemi og stundvísi.

## Starf stéttarfélagas og tryggingasjóðir

**SAM** gengst fyrir námskeiðum og ráðstefnum fyrir launamenn sem ekki eru félagsmenn stéttarfélagas til að fá þá til að skrá sig í verkalýðsfélög og taka þátt í tryggingasjóðum sem mynda félagslegt stöðkerfi fyrir launafólkið á landssvæðinu. Þetta verkefni hefur á þessu ári m.a. beinst að landbúnaðarverkamönnum og verkamönnum í byggingariðnaði. Stjórnvöld hafa tekið þátt í að bæta stöðu hópa þegar þeir hafa náð að sameinast í félög og berjast fyrir ákveðnum grundvallargildum.

Í þessu verkefni snýst það einnig um að kenna fólki á kosningakerfi og að standa fyrir stjórnarkosningum, undirbúa ársreikninga félaga til endurskoðenda en síðast og ekki síst að ná til fleira launafólks og hvetja það til að ganga í stéttarfélagin til að það geti sameiginlega gætt hagsmuna sinna.

Hér er aðeins dregið á fáein verkefni af þeim fjölmörgu fundum, námskeiðum, ráðstefnum og öðrum viðburðum sem SAM skipuleggur með fjárhagslegum stuðningi frá Eflingu. Samtökin senda Eflingu og Hjálparstarfi Kirkjunnar nokkrum sinnum á ári skýrslur og fjár-

hagsuppgjör sem sýnir hvernig verið er að verja framlagi Eflingar en Hjálparstarf Kirkjunnar fylgist síðan með framvindunni þar sem HK fer um þetta svæði árlega til skoðunar og viðræðu við forsvarsmenn SAM.



# MYNDLISTASKÓLINN

## Í REYKJAVÍK

**Haut 2008**

[www.myndlistaskolinn.is](http://www.myndlistaskolinn.is)

### BARNA- OG UNGLINGAÐEILD

#### 3 - 5 ára

|         |      |             |                                                 |
|---------|------|-------------|-------------------------------------------------|
| 3-5 ára | lau. | 10:15-12:00 | Hildigunnur Birgisd. / Jóhanna H. Þorkelsdóttir |
| 3-5 ára | mið. | 15:15-17:00 | Sigríður Helga Hauksdóttir                      |

#### 6 - 12 ára

|            |                     |                   |             |                                                                                                                          |
|------------|---------------------|-------------------|-------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| 6 - 9 ára  | Fjölþætt námsk.     | mán.-þri.-fös-lau | 15:15-17:00 | Ina Salóme Hallgrímsd. Gerður Leifsd. Brynhildur Þorgeirsd. Kristín Reynisd. Anna Hallin, Björk Guðnad. Kristín Reynisd. |
| 8 - 11 ára | Leirrennsla / mótun | fim.              | 15:00-17:15 | Guðbjörg Káradóttir / Anna Hallin                                                                                        |
| 10-12 ára  | Teikning / Málun    | mán.              | 15:00-17:15 | Davíð Örn Halldórsson                                                                                                    |
| 10-12 ára  | Hljóðveröld         | þri.              | 15:00-17:15 | Þórunn Björnsdóttir / Þórunn D. Björnsdóttir                                                                             |
| 10-12 ára  | Myndasö./Hreyfim.   | mið.              | 15:00-17:15 | Þórey Mjallhvít                                                                                                          |
| 10-12 ára  | Fjölþætt námskeið   | fim.              | 15:00-17:15 | Katrín Briem                                                                                                             |
| 10-12 ára  | Smiðar / 3-vídd     | fös.              | 15:00-17:15 | Kristín Reynisdóttir                                                                                                     |
| 10-12 ára  | Leirrennsla/Mótun   | lau.              | 10:00-12:15 | Guðbjörg Káradóttir / Anna Hallin                                                                                        |

#### 6 - 12 ára Korpúlfsstaðir útibú

|           |                   |               |             |                                                                            |
|-----------|-------------------|---------------|-------------|----------------------------------------------------------------------------|
| 6 - 9 ára | Fjölþætt námskeið | mán.-þri.-fös | 15:15-17:00 | Guðrún Vera Hjartard. / Brynhildur Þorgeirsdóttir / Anna Rún Tryggvadóttir |
| 10-12 ára | Fjölþætt námskeið | mið.-fim      | 15:00-17:15 | Brynhildur Þorgeirsdóttir / Anna Rún Tryggvadóttir                         |

#### Námskeið fyrir ungt fólk

|           |                         |      |             |                                       |
|-----------|-------------------------|------|-------------|---------------------------------------|
| 13-16 ára | Leirmótun               | fös. | 16:30-19:30 | Guðný Magnúsdóttir                    |
| 13-16 ára | Myndasögur f. ungt fólk | lau. | 10:00-13:00 | Þjarni Hinriksson og Búi Kristjánsson |
| 13-16 ára | Listaverkabókinn        | lau. | 10:00-13:00 | Margrét Lóa Jónsdóttir                |
| 13-16 ára | Myndrænar Rokkstjórnur  | fös. | 16:30-19:30 | Sara Riel / Lóa Hlin Hjálmtýsdóttir   |



## KERAMIKDEILD

### Námskeið í leirrennslu og -mótun

|                              |                  |                                          |
|------------------------------|------------------|------------------------------------------|
| Leirkerarennsla              | mán. 17:30-20:15 | Guðbjörg Káradóttir                      |
| Leirmótun/rennsla            | þri. 17:30-20:15 | Guðný Magnúsdóttir                       |
| Grundvallaratriði í keramíki | mið. 18:00-22:00 | Guðbjörg Káradóttir / Guðný Magnúsdóttir |

## TEIKNIDEILD

### undirstöðugreinar sjónmennta

|                        |                  |                          |
|------------------------|------------------|--------------------------|
| Teikning 1             | þri. 17:30-21:30 | Sólveig Aðalsteinsdóttir |
| Teikning 1 morgunt.    | mið. 09:00-11:45 | Katrín Briem             |
| Teikning 1             | mið. 17:30-21:30 | Kristín Reynisdóttir     |
| Teikning 2             | mán. 17:30-21:30 | Sólveig Aðalsteinsdóttir |
| Litaskynjun            | fim. 17:30-21:30 | Eygló Harðardóttir       |
| Litaskynjun            | mán. 17:45-21:30 | Þorbjörg Þorvaldsdóttir  |
| Módelteikning framhald | mið. 17:45-20:30 | Katrín Briem             |

## ÝMIS NÁMSKEIÐ

### form/rými - bókaverk - portfolio - ljósmyndun - indesign

|                                                  |                  |                                                                         |
|--------------------------------------------------|------------------|-------------------------------------------------------------------------|
| Form-Rými-Hönnun                                 | mið. 17:30-20:40 | Sólveig Aðalsteinsdóttir / Brynhildur Þáldóttir / Guja Dögg Hauksdóttir |
| Bókverk-Myndir-Endurvinnsla                      | mán. 17:30-20:40 | Ósk Vilhjálmssdóttir                                                    |
| Skapandi starfsvettv. (portfolio)                | þri. 17:30-20:40 | Ósk Vilhjálmssdóttir                                                    |
| Svart / hvít ljósmyndun                          | mán. 18:00-20:45 | Erla Stefánsdóttir                                                      |
| Stafræn ljósmyndun                               | mán. 18:00-20:45 | Brooks Walker                                                           |
| InDesign-Photoshop 14.-18. okt. þri.-mi & fö-lau |                  | Magnús Valur Pálsson                                                    |

## MÁLARAÐEILD


|                                  |                  |                                               |
|----------------------------------|------------------|-----------------------------------------------|
| Vatnslitun fyrir byrjendur       | þri. 17:30-20:15 | Ásdís Arnardóttir                             |
| Vatnslitun framhald.             | þri. 17:30-20:15 | Hilf Ásgrímsdóttir                            |
| Vatnslitun morgunt. byrj. & frh. | mið. 09:00-11:45 | Hilf Ásgrímsdóttir                            |
| Frjáls málun                     | fös. 13:00-15:45 | Þorbjörg Sigurðardóttir                       |
| Málun 1 (veturlangt)             | þri. 17:30-20:15 | Þorri Hringsson                               |
| Málun 1 (veturlangt) morgunt.    | fös. 09:00-11:45 | Þorri Hringsson / Sigríður Melrós Ólafsdóttir |
| Málun 2 (veturlangt)             | fim. 17:30-20:15 | Sigríður Melrós Ólafsd.                       |
| Málun 2 (veturlangt) morgunt.    | fös. 09:00-11:45 | Sigríður Melrós Ólafsdóttir / Þorri Hringsson |
| Málun 3 (veturlangt)             | mán. 17:30-20:15 | Sigríður Melrós Ólafsd.                       |

|                                 |                  |                                           |
|---------------------------------|------------------|-------------------------------------------|
| Framh. í málun, morgunt.        | mið. 09:00-11:45 | JBK Ransú                                 |
| Málverk í anda raunsæis         | lau. 10:00-12:45 | JBK Ransú                                 |
| Málað gegnum listasö. (veturl.) | mið. 17:30-20:15 | Karl Jóhann Jónsson / Birgir S. Birgisson |
| Litaskynjun                     | fim. 17:30-21:30 | Eygló Harðardóttir                        |

## INNRIÐITUN HAFIN

sími 551 1990 - kl. 13-17

[www.myndlistaskolinn.is](http://www.myndlistaskolinn.is)



Lausnarorð:

Nafn: \_\_\_\_\_ Vinnustaður: \_\_\_\_\_ Sími: \_\_\_\_\_

Heimili: \_\_\_\_\_ Kennitala: \_\_\_\_\_

# Verðlaunakrossgáta

Veitt verða verðlaun fyrir lausn á krossgátunni. Verðlaunin nema **15.000,- krónum**.

Lausnir sendist til: Efling-stéttarfélag / Krossgátan, Sættún 1, 105 Reykjavík.

Svar þarf að berast fyrir 1. nóvember 2008.






Aðalsteinn R. Björnsson

## Hafði heppnina með sér

Aðalsteinn R. Björnsson starfsmaður í skipaafgreiðslu hjá Eimskip hlaut vinning að upphæð 15.000 krónur fyrir rétta lausn á krossgátu síðasta blaðs. Félagið óskar honum til hamingju með vinninginn

## Lausn síðustu krossgátu



**LAUSNARORD:  
GAUTABORG**



HJÚKRUNARHEIMILI



Á fallegum stað í Grafarvogi er hjúkrunarheimilið Eir sem veitir öldruðum fjölbreytta þjónustu. Þar eru átta hjúkrunardeildir, dagdeild og rými fyrir skammtímadvöl. Þá er þar einnig endurhæfing, sjúkrabjálfun, dægradvöl og veitt er heimahjúkrun og þjónusta við íbúa í öryggisíbúðum.

Lausar eru stöður félagsliða og starfsmanna við umönnun á hinum ýmsu deildum.

Starfshlutfall og vaktir geta verið samkvæmt samkomulagi.

Upplýsingar veita

Birna Kr. Svavarsdóttir, hjúkrunarforstjóri og Jóna H. Magnúsdóttir, hjúkrunarfræðslustjóri Sími 522 5700.

Umsóknir er einnig hægt að senda á [fraedsia@eir.is](mailto:fraedsia@eir.is)

**Eir hjúkrunarheimili**

Hlíðarhúsum 7. 112 Reykjavík.

Sími. 522 5700.

[www.eir.is](http://www.eir.is)



# Ævintýraferð til Kanada

- segir Guðmundur Þ Jónsson

Ánægðir ferðalangar við ströndina í Hvítanesi

Í Halifax er margt skemmtilegt og áhugavert að sjá, segir Guðmundur Þ Jónsson. Borgin stendur á hæð-óttu landslagi og því oft á brattann að sækja. Götulífið er mest við höfnina og var þó nokkuð um að vera á meðan við dvöldum þar. Annars á borgin sér merka sögu. Hún var stofnuð sem flotahöfn 1749 og liggur við næststærstu náttúrulegu höfn í heimi. Aðeins höfnin í Sydney er stærri. Hinn 6. desember 1917 komst borgin í fréttir um allan heim þegar skip hlaðið sprengiefni sprakk í höfninni með skelfilegum afleiðingum. 2.000 manns létu lífið, 10.000 slös-uðust og 25.000 urðu heimilislausir. Krafturinn frá sprengingunni var svo öflugur að rúður brotnuðu í 80 km fjarlægð.

Halifax er mjög falleg borg með gördum sínum, timburhúsum, gömlum steinhúsum, söfnum og höfninni sem iðar af lífi. Citadel virkið sem stendur á hæð fyrir ofan miðbæinn, sjóminjasafnið og garðar er vert að skoða. White Point Beach Resort, sem við köll-

uðum Hvítanes var næsti áfangastaður og gististaður okkar það sem eftir var ferðarinnar. Á leiðinni þangað komuð við í lítinn fiskibæ, Peggy's Cove, sem er vinsæll ferðamannastaður. Vitinn, klappirnar og litskrúðug timburhúsin hafa aðdráttarafl. Enda hafa myndir frá þessum stað prýtt margar myndabækur og dagatöl. Við gáfum okkur góðan tíma til að skoða þennan vinalega bæ. Tókum ógrynni af myndum og borðuðum síðan hádegismat á Sjóhattinum „The Sou Wester“.

Hvítanes er fallegur og friðsamur staður við ströndina með hvíttri sandströnd. Við gátum ekki notið þess vegna brims en þarna eru ágætir gönguleiðir sem

**Vitinn, klappirnar og litskrúðug timburhúsin hafa aðdráttarafl. Enda hafa myndir frá Peggy's Cove prýtt margar myndabækur og dagatöl.**

margir nýttu sér. Gistiaðstaðan er bæði í aðalbyggingunni og í smáhýsum allt í kring. Ekki var annað að heyra en að öllum hafi liðið þar vel.

## Skonnortan Bluenose

Á mánudeginum fórum við til Lunenburg. Bærinn var stofnaður af þýskum bændum um miðja 18 öld. Landbúnaður var samt ekki stundaður lengi heldur fóru þeir að stunda fiskveiðar og skipasmíði. Vel hirt timburhús og falleg höfnin gleðja augað. Þó staðurinn hafi þótt einn þýðingarmesti fiskibær í Kanada í gegn um tíðina er hann samt þekktastur fyrir skonnortuna Bluenose sem var smíðuð þar 1921. Skipið vann fjórar alþjóðlegar kappsiglingar fyrir skonnortur þar til það fórst við Haiti 1946. En frægðin lifir ennþá á bakhlið 10 senta peningsins og í eftirlíkingunni Bluenose II sem er opin fyrir almenn-ing þegar hún er í höfn. Þá er gaman að skoða Fiskisafnið sem er við höfnina og fá sér síðan að borða á einum af huggulegu veitingastöðunum sem þar eru með útsýni yfir flóann. Hitabylgja gekk yfir þennan dag og fór hitinn í 33 gráður



sem okkur fannst einum of mikið.

Næst síðasta daginn höfðum við til eigin afnota. Mörg okkar héldum kyrru fyrir á Hvítanesi. Ekki gátum við legið og látið sólina verma okkur þar sem hennar naut ekki við þann daginn. Aðrir fóru í nærliggjandi bæ sem heitir Liverpool.

Síðast á dagskránni var göngutúr um Kedjimkujik þjóðgarðinn. Við gengum niður að strönd. Skoðuðum fugla og annað dýralíf sem voru aðallega selir og borðuðum nesti. Þetta er um tveggja tíma ganga fram og til baka í skemmtilegu umhverfi.

Þá var komið að lokadeginum. Við ókum til Halifax og höfðum nokkra tíma stans þar. Um sex leytið héldum við ánægð með góða ferð heim til Íslands.

*Tæplega eitt hundrað Eflingarfélagar lögðu leið sína til Kanada á vegum Eflingar í júní s.l. í tveimur ferðum. Ferðaskrifstofa Guðmundar Jónassonar annaðist alla skipulagningu ferðarinnar en fararstjóri var Erling Aspelund, þálfreyndur fararstjóri, fróður og skemmtilegur.*



Það er fallett í Peggy's Cove

*legur. Lagt var af stað fimmtudaginn 5. júní í fyrri ferðina og tóku þátt í henni 50 manns. Seinni ferðin var í beinu frambaldi. Af hálfu*

*Eflingar voru þau Guðmundur Þ Jónsson og Þuríður Ingimundardóttir ferðalöngum til halds og traust.*

## Framhald af blaðsíðu 4

### Gallup spyr félagsmenn

Einn mikilvægur þáttur í aðdraganda nýrra kjarasamninga er að kanna hug félagsmanna og skoða launaþróun á undanfögnu ári. Það gerum við meðal annars með okkar árlegu viðhorfskönnunum en nú í september mun Gallup hafa samband við félagsmenn okkar og viljum við hvetja sem flesta til þess að taka þátt en því hærra hlutfall sem Gallup nær í könnunum, því marktækari verða þær og betra veganesti inn í komandi samninga. Það er því mikilvægt fyrir félagsmennina að félagið hafi eins góðar upplýsingar eins og kostur er um launakjör og önnur mikilvæg atriði.

Úrtakið mun ná til um 2000 félagsmanna Eflingar af öllum samningssviðum en það er ekki síður áriðandi að líta í baksýnispegilinn og sjá hvort að þær launahækkanir sem samið var um undanfarið hafi skilað sér og kanna hvort að einhverjir hópar hafi setið eftir.

### Samráð og samninganefndir

Að venju mun Efling kalla til trúnaðarmenn á sviði borgarinnar og sveitarfélaganna til skrafs og ráðagerða en síðan verður mynduð samninganefnd sem fer með samningsumboðið í viðkomandi kjarasamningi.

## Framhald af blaðsíðu 49

### Allt hefur notagildi

Allt sem börnin skapa hefur notagildi og flest leikföngin hafa fleiri en einn tilgang. Bækur eru ekki lesnar heldur segir starfsfólkið börnunum sögur og sama

sagan er sögð í þrjár til fjórar vikur. Börnin fá ekki að horfa á sjónvarp eða hlusta á sögur og tónlist af geisladiskum og í útvarpi. Þau verða að sjá þann sem segir söguna eða flytur tónlistina og þess vegna er öll tónlist flutt innan skólans með hljóðfærum sem börnin hafa búíð til sjálf að hluta, sagði Þórhildur að lokum.



## HANDVERKSNÁMSKEIÐ

Baldýring - Eldsmíði - Hekl - Jurtalitun  
Leðurvinna - Lopapeysuprjón - Myndvefnaður  
Orkering - Prjón: handstúkur og ílleppar,  
sjöl, hyrnur og dúkar - Sauðskinnsskór  
Skartgripa- og Keðjugerð  
Skyrtu- og svuntusaumur - Spjaldvefnaður  
Tálgun - Tóvinna - Vefnaður - Vattarsaumur  
Viravirki - Útsaumur - Þjóðbúningasaumur

### HEIMILISÍÐNAÐARSKÓLINN

Nethyl 2e, 110 Reykjavík  
Uppl. og skráning mánud. til föstud. 12.00-16.00  
Símar: 551-7800 - 895 0780 Fax 551-5532  
hfi@heimilisidnadur.is www.heimilisidnadur.is

# Tækniskólinn

skóli atvinnulífsins



## Nám til háskólaeininga - Diploma

### Rafeindavélfræði • Nýtt

#### Viltu bæta þig á vinnumarkaði?

Hagnýtt nám sem býður upp á fjölbreytt atvinnutækifæri á vaxandi markaði til dæmis í heilbrigðisgeiranum, iðnaði, verslun, bílgreinum, orkugeiranum og landbúnaði. Rafeindavélfræði er tveggja ára nám (120 einingar ECTS) hugsað fyrir nemendur með stúdentspróf eða starfsmenntaskólapróf þá aðallega úr bíl vélavirkjun, rafvirkjun, rafeindavirkjun, vélstjórnun, vélfræði og vélfræði.

Námið er byggt á breiðum grunni innan vélfræði, rafeindavélfræði og hugbúnaðargerðar. Markmið með náminu er að mennta tæknifólk sem hefur þverfaglega þekkingu og færni til að takast á við viðfangsefni á sviði vélfræði, rafeindavélfræði og hugbúnaðargerðar.

### Framleiðslustjórnun • Nýtt

#### Stefndu hátt, býr stjórnandi í þér?

Framleiðslustjórnun er alhliða nám sem hefur mikla möguleika á vinnumarkaði og til framhaldsnáms í Danmörku. Námið hentar fólki sem hefur lokið framhaldsskóla. Æskilegt er að nemendur hafi lokið iðnmenntun en það er ekki skilyrði. Námið er tveggja ára nám. 120 einingar ECTS.

### Lýsingarfræði

#### Bættu við þig góðu námi!

Námið er hugsað fyrir fólk sem hefur lokið framhaldsskólanámi í iðn- eða frá listnámsbraut. Einnig geta háskólanemar tekið námið sem valáfanga og fengið metið sínu námi. Þetta er 30 eininga nám ECTS. Er í senn fræðilegt, faglegt og skemmtilegt.

### Lýsingarhönnun


Nám fyrir arkitekta, byggingariðnfræðinga, iðnfræðinga, innanhúsarkitekta, landslagsarkitekta, lýsingarfræðinga, tæknifræðinga, verkfræðinga og þá sem eru með sambærilega menntun.

Námið er byggt upp sem eins árs, 30 eininga nám ECTS. Byggt upp sem verkefnabundið nám, nemendur vinna að sérhæfðum verkefnum undir stjórn kennara og sækja málstofur og fyrirlestra í aðferðafræði á námstímanum.

### Mótun

#### Bættu við þig góðu námi!

Námið er tveggja ára nám og er hugsað fyrir nemendur sem eru með stúdentspróf af hönnunar og listnámsbraut, keramikgjörsviði eða öðru sambærilegu námi. Námið fer fram í Tækniskólanum, Myndlistarskólanum og í Glasgow School of Art. Gott nám fyrir þá sem ætla sér í nám til BA prófs í hönnun, handverki og myndlist. Námið er 120 einingar ECTS.



## Kvöldnám

### Láttu drauminn rætast!

Fjölbreytt námsframboð er í boði í kvöldskóla Tækniskólans. Þar má nefna grunnnám bygginga og mannvirkjagreina, húsasmíðabraut, húsa-smíðanám, húsgagnasmíðabraut, listnámsbraut, almenna hönnun og málmíðngreinar.

### Véltækniskólinn • Nýtt

Býður nú upp á kvöldnám í grunndeild málmíðnaðar þar sem lotukennsla verður í verklegum áföngum. Einföld og góð lausn fyrir þá sem eru á vinnumarkaðinum og vilja bæta við sig námi.

### Raftækniskólinn

#### Góðir tekjumöguleikar!

Viltu eiga möguleika á vel launuðu, krefjandi og skemmtilegu starfi í síbreytilegu og spennandi umhverfi? Rafvirkjun og rafeindavirkjun eru iðngreinar sem gefa möguleika á spennandi störfum, vel launuðum og tækifærum til að starfa sjálfstætt.

### Gítarsmíði - 100 tímar

Námskeið sem haldið var í fyrra og færri komust að en vildu. Þetta námskeið verður auglýst síðar.

Innritun í kvöldskóla Raftækniskólans stendur yfir á slóðinni [www.tskoli.is](http://www.tskoli.is)

## Námskeið

### Tómstundir Raftækniskóla

#### Námskeið í smíði gítarmagnara.

Fender Trinity Deluxe er einn flottasti lampagítarmagnari sögunnar! 15Wrms afl í flottum tauklæddum viðarkassa. Á námskeiðinu fá nemendur íhluti í einn slíkan og setja magnarann saman frá a - z undir handleiðslu kennara. Sérvaldir hágæða íhlutir, frábær hljóðburður! Kjörgripur fyrir alla poppara. Námskeiðið verður haldið í nóvember og verður auglýst nánar fljótlega.

## Fjarnám

Fjölbreytt nám er í boði í fjarnámi Tækniskólans. Þar má nefna húsasmíði, tækiteikun. Nám á Meistarastigi: Bifreiðasmíði, bíl vélavirkjun, bílaáamálun, blikksmíði, bókband, hársnyrtið, húsasmíði, húsgagnabólstrun, húsgangasmíði, kjólasaumur, klæðskurður, málaraíð, pípulagnir, prentsmíði, prentun, rafeindavirkjun, rennismíði, skrudgarðayrkja, snyrtifræði, stálsmíði, veggfóðrun, vélvirkjun, grunnnám rafiðna, rafeindavirkjun, rafveituvirkjun, rafvirkjun og almennu námi þar sem grunnáfangar og framhaldsáfangar eru í boði (BOK, DAN, ENS, FÉL, GRT, ÍSL, STÆ).